

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr 301

apríl 2017



We Serve

Apríl 2017. Blað nr. 301
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumdaemi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku,grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109
Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20, 105
Reykjavík er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00
Sími: 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is
Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109
Starfsárið 2016 – 2017
Fjölumdaemisstjóri: Árni Brynjólfur Hjaltason, Lkl. Njarðvík
Umdæmisstjóri 109A: Gunnar Vilbergsson, Lkl. Grindavíkur.
Umdæmisstjóri 109B: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán.
Fjölumdaemisritari: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.
Fjölumdaemisgjaldkeri: Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar
Fráfarandi fjölumdaemisstjóri: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.
Vara fjölumdaemisstjóri: Jón Pálmason Lkl. Viðar.

Protokol- og þingstjóri: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.
Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar Friðriksson, Lkl. Hængur.
Kynningarstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður.
Umhverfisstjóri: Kristófer A. Tómasson, Lkl. Geysi
Ritstjóri Lion: Þorkell Cýrusson, Lkl. Búðardals.
Netstjóri: Skúli Guðmundur Ingvarsson, Lkl. Borgarness.
NSR 2017 formaður þingnefndar: Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn.
GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni.
GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun): Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafa.
GMT/konur í Lions: Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold
NSR-AU nefndarmaður/ Lestarátaksstjóri: Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold.
Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar.
Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson, Lkl. Seltjarnarness.
Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.
Ungmennaverkefnastjóri: Ósk Aradóttir, Lkl. Úu.
LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnarmaður: Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl. Mosfellsbæjar.
Afmælisnefnd Lions: Pálmi Hannesson, Lkl. Garður
MedicAlert stjóri: Lúðvík Andreasson, Lkl. Tý.
Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir, Lkl. Ylfa.
Formaður Kjaransorðunefndar: Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.
Laganefnd (form.): Áslaug Þórarinsdóttir, Lkl. Búðardals
Lions Quest stjóri: Magnús J. Magnússon, Lkl. Selfoss.
Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.
Skoðunarmaður (aðal): Daníel Þórarinnsson, Lkl. Nirði.
Skoðunarmaður (vara): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.



Fjölumdaemisstjóri ásamt umdaemisstjórum.

Skoðunarmaður (vara): Benjamín Jóspesson, Lkl. Akranes
Varaumdæmisstjóri 109A: Ellert Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar.
Varaumdæmisstjóri 109B: Björn Guðmundsson, Lkl. Hæng.
Varaumdæmisstjóri (annar) 109A: Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa.
Varaumdæmisstjóri (annar) 109B: Sigríð Andradóttir, Lkl. Búðardals.

Yasuhisa Nakamura,
Aruna Abhey Oswal,
Vijay Kumar Raju Vegesna,
Elien Van Dille,
Jennifer Ware,
Jaepung Yoo.

Second Year Directors:
Melvyn K. Bray,
Pierre H. Chatel,
Dr. Eun-Seouk Chung,
Gurcharan Singh Hora,
Howard R. Hudson,
Sanjay Khetan,
Robert M. Libin,
Richard Liebno,
Helmut Marhauer,
William L. „Bill“ Phillipi,
Lewis Quinn,
Yoshiyuki Sato,
Gabriele Sabatosanti Scarpelli,
H. Jerome Thompson,
Ramiro Vela Villarreal,
Roderick Paul Wright.
Katsuyuki Yasui

Framkvæmdastjórn
Lionshreyfingarinnar 2015 – 2016:
International President: Robert „Bob“ E. Corlew USA
Immediate Past President: Dr. Jitsuhiro Yamada Japan
First Vice President: Naresh Aggarwal Indland
Second Vice President: Guðrún Björt Yngvadóttir Ísland

First Year Directors
Bruce Beck,
Tony Benbow,
K. Dhanabalan,
Luiz Geraldo Matheus Figueira,
Markus Flaaming,
Elisabeth Haderer,
Magnet Lin,
Sam H. Lindsey, Jr.,
N. Alan Lundgren,
Joyce Middleton,
Nicolin Carol Moore,

Upplag: 2400 eintök – Pökkun og dreifing: Lionsklúbburinn Úa.

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.
Forsíðumynd: Chicago – borgin við vötnin miklu stundum nefnd „Windy City – Vindaborgin“, þar sem 100 ára afmælisþing Lionshreyfingarinnar verður haldið í sumar.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 18. maí



Ritstjórnargreinin

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er fimmta tölublað starfsársins komið út. Nú fer að stytast í þing okkar þetta árið. Það er í Reykjavík að þessu sinni. Þetta þing er sérstakt að því leiti að þetta er 100 ára afmælisþing lionshreyfingarinnar á alþjóðavísu.

Það kennir ýmissa grasa í þessu blaði meðal annars eru kynningar á þeim sem eru í framboði til embættis í yfirstjórn okkar á næsta starfsári og svo má ekki gleyma greinum frá klúbbum á landinu sem eru að kynna sig og störf sín á starfsárinu.

Ég hvet alla þá lionsfélaga sem eru að taka við embættum í klúbbum sínum á næsta starfsári að sækja skólana í tengslum við þingið í vor. Hreyfingin er í sífelldri þróun og hafa störf embættismanna klúbba breyst nokkuð á síðustu árum, það er því afar mikilvægt að sækja sér nýja þekkingu og það gerum við með því að mæta á skólana. Það er nokkur misskilningur að halda það að ef maður hefur verið embættismaður í klúbbum áður þá þurfi maður ekki að sækja skólana því maður kunnir þetta allt! Eins verður fjallað um lagabreytingar á þinginu sem eru nokkrar og hefur verið unnið mikið starf við að þýða og staðfæra lög hreyfingarinnar síðustu misseri. Það er mikilvægt að kynna sér þessar breytingar og taka þátt í umræðu um þær sem án efa verða líflegar.

Næsta blað kemur út í júní að venju sem er síðasta blaðið sem kemur út á þessu starfsári. Næsta starfsár verða nokkrar breytingar á útgáfu blaðsins en það verður kynnt betur í næsta blaði. Að lokum þakka ég öllum þeim sem komið hafa að útgáfu þessa blaðs bæði með skrifum í það og annarri aðstoð.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Við höfum náð nýjum hæðum í þjónustu í gegnum LCIF

Pistill Alþjóðaforseta

Bob Corlew

alþjóðaforseti



Þegar ég gekk í lionshreyfinguna árið 1978 þá varð ég strax hrifinn af vináttunni sem ríkti á milli félaganna. Það var þó ekki ástæðan fyrir því að ég hélt áfram í hreyfingunni því það var vegna þeirrar þjónustu sem klúbburinn minn veitti samfélaginu. Allar þessar ljósaperur, kústar og moppur sem við seldum fjölda fólks til að

aðstoða þá sem áttu í nauðum. Við vernduðum líka ungt fólk í gegnum sjóngreiningu, dreifðum körfum á þakkargjörðardaginn og héldum skemmtanir fyrir munaðarlausu og börn sem urðu undir í lífskjarabaráttunni. Ég var mjög hissa á því hversu margt gott klúbburinn minn gerði.

Eitt uppgvötvaði ég þó. Það sem klúbburinn minn gerði einn og sér gat aldrei verið borið saman við það sem fjölmudæmið mitt gerði. Á meðal þess sem það náði fram var að það stofnaði Tennessee Lions Eye Center (sjónverndarstofnun) sem er í dag einn fremsti augnspítali í Bandaríkjunum. Þessi spítali hefur haft mikil áhrif á líf þúsunda barna.

Þegar ég var kosinn umdæmisstjóri og jafnvel enn meira þegar ég varð alþjóðastjórnarmaður í lionshreyfingunni, þá lærði ég meira um ávinninginn og þau afrek sem margir lionsfélagar sem vinna saman geta áorkað. Þegar þeir setja saman hæfileika sína, tíma og fjármuni þá stendur fátt í vegi hversu mikið þeir ná fram. Við vitum öll að klúbbarnir eru hjartað í hreyfingunni í heiminum. Saman getum við áorkað svo ótrúlega mörgu þegar við sameinust á breiðum grundvelli.

Það er einmitt vegna þess sem LCIF hefur

haft svo gríðarlega mikla þýðingu í samfélagi okkar og út um allan heim. Samtök okkar er verkfæri til að þjóna sem best í hjörtum hvers lionsfélaga. Í þessu blaði kynnum við nokkuð af því sem LCIF hefur náð fram í starfi sínu. Lesið það og verið stolt af verkum okkar. Þó við höfum náð mörgu góðu fram í gegnum LCIF þá er alltaf hægt að gera betur. Höldum því áfram að styðja við LCIF t.d. með því að útnefna Melvin Jones félag. Mislingaverkefnið okkar þarfnast t.d. stuðnings og það getum við stutt með að útnefna Melvin Jones félag og velja að haka við það, eins getum við lagt fé beint í verkefnið. Að láta fé af hendi rakna getur hjálpað til að bjarga lífi.

Ég efa það ekki að samfélag þitt krefst athygli þinnar og tíma en gleymum ekki að sameinast öðrum lionsfélögum um allan heim í gegnum LCIF til að breyta heiminum til hins betra. Í gegnum LCIF getum við náð nýjum hæðum og klifð ný fjöll.

Bob Corlew

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar
Þýðing: Þorkell Cýrusson

Með vináttu leggjum við klúbbum okkar lið

Björg Bára Halldórsdóttir

umdæmisstjóri 109B



Sæl verið þið vinir í Lions. Nú þegar langt er liðið á starfsárið er gott að staldra við og skoða hverju við höfum áorkað og hverju er ólokið á þessu 100 ára afmælisári okkar. Enn er um fjórðungur eftir af starfsárinu; vorið og gróandinn sem margir klúbbar nýta til góðra verka og samveru félaganna og sumsstaðar með fjölskyldum sínum líka.

Markmið okkar og verkin. Þetta starfsár hefur verið gott og þið hafið gert virkilega vel við samfélag okkar en ég vil minna ykkur á að styrkja alþjóðahjálparstöðina líka. Þar mættu sumir klúbbar gera betur því þörfin þar er svo sannarlega mikil og verkefnið mörg, leggjum LCIF lið á 100 ára afmælinu.

Hvort sem um er að ræða stjórnir og nefndir klúbba eða teymi umdæmisstjórna þá er lag núna að kílkja á markmið starfsársins og ef einhverju er ólokið að hrinda því í framkvæmd.

Þegar þetta er ritað erum við í B umdæminu í plús hvað félagatölu varðar, en naumlega þó. Ég hvet ritara til þess að skrá inn nýja féлага jafnóðum og skila inn verkefnaskýrslum, einnig þarf að muna eftir að skrá inn varastjórnir.

Kynningarátaki vegna 100 ára afmælisins var hrundið af stað með kynningu í Kringlu og Smáralind 11. mars og vona ég að öll svæði séu búin að skipuleggja sín hátíðahöld vegna afmælisins. Markmiðið er að afmælisveislan standi allt þetta ár, fram til næstu áramóta. Svæðisstjórar spila þar lykilhlutverk en þeir hafa allir verið mjög virkir þetta starfsár. Svæðisstjórar eru mikilvægir í tengingu klúbba við yfirstjórn og sem bakland klúbbstjórna. Því

er mjög mikilvægt að búið sé að fá fólk í stöður svæðisstjóra tímanlega, ekki hvað síst til þess að verðandi svæðisstjórar geti sótt svæðisstjóra skóla á þinginu ár hvert. Einnig hvet ég klúbba til að senda verðandi stjórnir í skólana á þingunum, það gerir fólk gott og eflir andann.

Ljúkum starfsárinu á vinalegan hátt.

Þar sem flestir klúbbar taka sér fundarhlé yfir okkar fáu sumarmánuði eru þeir með lokafundi sína í maí (nokkrir í lok apríl). Langar mig að biðla til ykkar að hafa lokafundinn sérstakan, nú sem áður og treysta vinaböndin svo allir hlakki til að hittast að nýju í haust, endurnærðir eftir sumarið. Við þurfum virkilega að passa upp á félag okkar, það bera ekki allir utan á sér þó eitthvað bjáti á og hjá ófáum eru Lionsfundirnir birtan í lífi þeirra. Höfum gaman saman og verum vinaleg hvert við annað. „Vinsemd fæðir vinsemd“ sagði Cicero á sínum tíma, það eru sannindi enn í dag.

Sjáumst sem flest, hress og kát á 100 ára afmælisþingi Lions á Hótel Sögu 21. og 22. apríl.

Fjölumdæmisstjóri

Arni Brynjólfur Hjaltason

Fjölumdæmisstjóri



Kæru Lionsfélagar
Nú stýttist í lokin á þessu starfsári, en tíminn hefur svo sannarlega liðið hratt.

Fundarsalurinn í Lionsheimilinu er nú tilbúinn til fundarhalda, þannig að nú geta þeir klúbbar sem hafa áhuga á að funda þar, haft samband við Kolfinnu skrifstofustjóra.

Þann 1.apríl, héldu fjölumdæmisráð og umdæmin tvö, sinn þriðja og síðasta fund á starfsárinu. Um kvöldið var síðan kvöldverður félaga í fjölumdæmisráði, umdæmum 109A og 109B ásamt þeirra mökum.

Framundan er 62. þing Lionsumdæmis 109, sem ég vil enn og aftur hvetja ykkur kærur félagar að fjölmenna á. Á laugardagskvöldinu verður síðan hátíðarkvöldverður sem er í höndum 100 ára afmælisnefndarinnar. Ég hvet sérstaklega félaga á landsbyggðinni að koma og taka þátt í tilefni af 100 ára afmælinu.

Norræni strandhreinsunardagurinn verður

haldinn laugardaginn 6.maí n.k. á Snæfellsnesi. Mánudaginn 6.mars fór um við í könnunarleidangur í fjörur á Snæfellsnesinu. Þetta er verkefni sem öll Norðurlöndin taka þátt í. Þetta er samstarfsverkefni Landverndar, Lionshreyfingarinnar, Bláa hersins (Tómas Knútsson), sveitarfélaga, fyrirtækja, ferðamálasamtaka á Snæfellsnesi ásamt fleirum. Áhersla er lögð á að fjarlægja allt plast af strandlengjunni í kringum Ísland. Þetta er frumverkefni og var ákveðið að byrja á að hreinsa Snæfellsnesið. Frá Lionshreyfingunni í undirbúningsnefnd ásamt mér eru þeir, Halldór Runólfsson og Kristófer Arnfjörð Tómasson, umhverfisstjóri hreyfingarinnar. Nánar um þetta þegar nær dregur.

Í lokin vil ég þakka ykkur kærlega fyrir það sem af er og ég hlakka til að hitta ykkur sem koma á þingið í vor.



Ránarkonur funduðu á Mottudeginum

Mottumars, árlegt átaksverkefni Krabbameinsfélags Íslands frá 2010, er tileinkað baráttu gegn krabbameinum í körlum.

Markmiðið í ár er að auka þekkingu á skaðsemi tóbaksnotkunar og hvetja karla sem nota tóbak til þess að hætta. Í áttakinu ber hæst keppnina „Hættu nú alveg“ auk þess sem lögð verður áhersla á fræðslu og forvarnir með ýmsum hætti.

Mottudagurinn var 10. mars og hvatti Krabbameinsfélag Íslands alla landsmenn, konur og karla, til að halda upp á Mottudaginn með því að leyfa karlmennskunni að skína sem aldrei fyrr. Landsmenn voru hvattir til að skarta öllu mögulegu tengdu karlmanninum, fatnaði, höfuðfötum, gerviskeggi og svo framvegis.

Lionsklúbburinn Rán Ólafsvík hélt upp á fund nr. 200 föstudaginn 10. mars og var þema fundarins Mottumars, að sjálfsögðu voru konur með bindi um hálsinn þetta kvöld, að auki skórtuðu þær yfirvaraskeggi til að sýna áttakinu stuðning.



Umdæmisstjóri 109 A

Gunnar E. Vilbergsson

um-dæmisstjóri 109A



Ágætu Lionsfélagar. Ég vil byrja á því að óska ykkur gleðilegs árs og velfarnaðar á árinu sem gengið er í garð.

Starfsárið er farið að stytast í annan endann og kominn tími til að huga að fjölum-dæmisþinginu sem er á Hótel Sögu í apríl. Klúbbar þurfa að fara að huga að þátttöku. Það skiptir máli að taka þátt og hafa áhrif á framvindu mála. Ekki sitja hjá og gagnrýna síðan þær ákvarðanatökur sem teknar hafa verið á þinginu. Það er ýmislegt sem þarf að fjalla um og taka ákvarðanir um. Ég hvet ykkur sem flest til að mæta og láta heyra í ykkur. Svo eru að sjálfsgöðu skólarnir á þinginu, formannaskóli, ritarskóli, gjaldkeraskóli og skóli fyrir svæðisstjóra, sem eru nauðsynlegir fyrir framhaldið í starfi Lions. Það hefur verið auglýst eftir framboðum t.d. í starf 2. varaum-dæmisstjóra á svæði 109A. Áhugasamir hafi samband við undirritaðan. Það kemur fram í þessu blaði hverjir eru í framboði til um-dæmisstjóra og 1. varaum-d.stj..

Ég hef gengt starfi Umdæmisstjóra þetta starfsár og það má segja að verulega hafi reynt á en hlutir gengið upp að mestu leyti þökk sé því góða fólki sem skipar um-dæmisstjórn og

þeim sem standa mér næst. Fyrir þá sem ekki vita þá er starfsár um-d.stjóra frá 1. júlí ár hvert til 30. júní þ.a.l. lýkur mínu starfsári 30. júní 2017.

Ég get sagt ykkur það að ég sá aldrei fyrir mér að fara þessa leið en ég sé ekki eftir því að hafa látið tilleiðast. Ég hef eignast marga vini og kunningja á þessari vegferð og margir hafa verið tilbúnir að liðsinna mér. Fyrir það er ég mjög þakklátur.

Það sem mér finnst hafa staðið uppúr eru kaupin á nýju Lionsheimili í Hlíðasmára 14, Kópavogi. Þegar þetta er skrifað er það ekki fullklárað en ekki mikið eftir. Næsta starfsár verður það örugglega tilbúið og líklega fyrir. Við erum að vona að marsmánuður verði sá mánuður sem við getum formlega sagt að allt sé tilbúið. Það er oft þannig að þúslíð gengur hægar en maður sér fyrir.

Kolfinna og Magnea sem vinna þar eru alsælur með nýjan vinnustað og við sem erum að funda þarna erum sömu skoðunar.

Ég minni enn og aftur á fjölum-dæmisþingið sem verður á Hótel Sögu 21. -23. apríl. Vinsamlega skráið ykkur í tíma. Munið að VILJI ER ALLT EM ÞARF. Lífið heil !

Eggert J. Levy

fræðslufulltrúi 109A



Að miðla hugmyndum um verkefni í Lionsstarfinu

Margir klúbbar senda greinar í bæjarblöðin til að segja fréttir af klúbbsstarfinu, það er ódýr og góð leið til þess að koma starfi klúbba á framfæri. Þó nokkuð er um það, að klúbbar skrifi í LION blaðið eða komi fréttum inn á íslenska lionsvefinn, þar birtast virkilega fróðlegir og skemmtilegir pistlar um starfsemi klúbba. Í vaxandi mæli eru margir farnir að nýta sér fleiri miðla, svo sem Facebook til að auglýsa ýmsa viðburði og YouTube til að kynna efni á myndrænan hátt.

Mikilvægur þáttur í starfi klúbba er að færa upplýsingar um verkefni inn á alþjóðavefinn MyLCl. Þegar maður skoðar vefinn þá kemur í ljós að 56% klúbba í um-dæmi 109A miðla upplýsingum reglulega inn á vefinn, en 44% klúbba gera það ekki.

Allir vita að Guðrún Björt Yngvadóttir var kjörin 2. varaforseti Lions og mun starfa sem alþjóðforseti, starfsárið 2018 – 2019. Það þykir töluverður atburður í hinum stóra heimi, að fyrsta konan sem kjörin er alþjóðleg forseti Lions skuli koma frá Íslandi. Því má með sanni

segja, að allra augu hvíli á Íslandi næstu árin. Sýnum dugnað í verki og veitum Guðrúnu félagslegan stuðning í starfi og leik. Það getum við best gert með því móti, að klúbbar skrái upplýsingar um verkefni inn á alþjóðavef Lions. Þannig öðlast hún aukinn styrk og í leiðinni sýnum við öðrum þjóðum hversu íslenska baklandið er sterkt.

Ég vil hvetja ritara klúbba til að hafa þessi mál í góðu lagi. Ef ritari treystir sér ekki til að takast á við skráninguna, þá getur hann falið öðrum félagi á sínum klúbbi að taka verkið að sér. Aðgangs- og lykilorð fást á lions-skrifstofunni, en ykkur er líka ávallt velkomið að leita nánari upplýsinga hjá undirrituðum fræðslufulltrúa. Verum jákvæð – sýnum styrk og miðlum verkefnum inn á alþjóðavefinn, með því móti eflum innviði Lions.

*Með vinsemd og virðingu,
Eggert J. Levy,
fræðslufulltrúi 109A.
Netfang: eggertlevy@gmail.com*

Tilgangurinn með því að miðla verkefnum er:

- Að flytja fréttir af starfi Lionsklúbba.
- Að safna hugmyndum saman á einn stað.
- Að sýna styrkleika hreyfingarinnar.
- Að vekja athygli og áhuga fólks á starfi Lions.

Pistill frá varafrjölumdamisstjóra

Jón Pálmason

vara fjölumdamisstjóri



Góðir félagar,
Þessi vetur hefur verið viðburðarríkur fyrir okkur lionsfélaga. Þar eru nokkur atriði sem standa uppúr:

- Embættisferill **Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur** sem nú er annar vara alþjóðaforseti. Það sem hún er að gera er stærsta verkefni sem nokkur íslenskur Lionsfélagi hefur innt af hendi. Pennan vetur heimsækir hún tugi landa þar sem hún þarf að flytja mál sitt. Hún kemur þar fram oft en ekki undir íslenskum fána. Félagar hugleiðið hversu mikil landkyrning þetta er.
- Í janúar var haldið NSR **Norðurlandþing Lions** í Reykjavík. Þar sem þingið var hjá okkur er okkar fjölumdamisstjóri formaður ráðsins. Árni B. Hjaltason fjölumdamisstjóri

stýrði þinginu af milli lipurð, með aðstoð síns fólks. Sérstök nefnd fulltrúa allra Norðurlanda sér um allan faglegan undirbúning og síðan er þingnefnd sem sér um þinghaldið. Fyrri nefndinni stýrði Hrund Hjaltadóttir Lkl. Fold og þeirri seinni Þór Steinarsson Lkl. Fjörgyn, bæði fyrrverandi fjölumdamisstjórar.

- **Lions er 100 ára** þetta árið. Við eigum að notfæra okkur það til að minna á okkur.
- **Hundrað ára Lionsfélagi.** Það var stór stund þegar Ásta Sigurrós Sigmundsdóttir Lkl. Ýr var heiðruð á NSR þinginu í janúar
- **Nýtt félagsheimili.** Í vetur hafa nokkrir Lionsfélagar unnið að því að innrétta nýtt Lionsheimili. Þar hefur verið fremstur í flokki fráfarandi fjölumdamisstjóri Guðmundur Helgi Gunnarsson. Hann ætlar ekki að hætta fyrr en hann er búinn. Ég hef fulla trú á að nýtt heimili muni nýtast okkur vel.
- **Ný lög.** Lokið er við þýðingu á lögum fyrir Lions á Íslandi. Þýðingin er byggð á alþjóðalögum Lions. Gert er ráð fyrir að þessi lög verði samþykkt á Lionsþingi í apríl.
- **Framundan er líka mikið starf.** Lionsþing sem verður eftir páska í apríl, alþjóðþing í Chicago um mánaðarmótin júní-júlí og síðan nýtt starfsár sem undirritaður mun taka þátt í að leiða.

Undirbúningur næsta starfsárs

Við sem munum taka við í sumar erum að vinna á fullu við að undirbúa næsta ár. Eitt af þeim verkefnum er að ná utan um fjárhag Lions á Íslandi. Ekki er hægt að vera með rekstur sem sífellt er tap á. Við þurfum að fara yfir alla þætti

og skera niður óþarfa kostnaðarliði. Einnig þarf að miða félagsgjöldin við kostnað við þá starfssemi sem lagt er upp með.

Framtíðarskýrsla

Á síðasta starfsári lagði nefnd skipuð Guðrúnu Björt Yngvadóttur varaforseta, Kristjáni Kristjánssyni og Daníel Þórarinssyni, báðir fyrrverandi fjölumdamisstjórar, skýrslu um framtíðarsýn Lions. Skýrsla þessi fékk umfjöllun á umdamis- og fjölumdamafundi í nóvember. Þar var hún kynnt og síðan unnu nokkrir vinnuhópar álitgerð um nokkur málefni.

Verðandi fjölumdamisstjórn hefur ákveðið að fara í saumana á tillögum í þessari skýrslu og útfæra þær nánar og leitast við að innleiða þær. Vinnan við þetta verk er hafið og gerir áætlun okkar ráð fyrir að sumar breytingar verði teknar í notkun á næsta starfsári.

Lögin

Á næsta ári þarf að taka í notkun nýju lögin sem þýdd hafa verið. Lagt er til að fyrsta árið verði lögin látin vera óbreytt. Þá mun reyna á hvort lagfæra þurfi einhver ákvæði. Best er ef hægt er að láta þau standa eins og erlendu lögin eru. Ég tel að betra sé að settar séu starfsreglur um ýmsa hluti. Þar sé safnað saman til dæmis þingsamþykktum og þess háttar. Dæmi er um að sumar starfsvenjur séu aðeins í gömlum þinggerðum. Dæmi um það er reglur fyrir Rauða fjöður er að finna í þingsamþykkt frá 2007.

Ég vona að okkur sem taka við takist að leiða starfið svo það verði til framþróunar fyrir okkur á 100 ára afmælisári Lions.



Afmælishátíð

Lions 100 ára

Jæja, ágætu Lionsfélagar þá fer að stytast í að við höldum 100 ára afmælishátíð Lions! Hátíðin verður laugardagskvöldið 22. apríl og verður í Súlnasal Hótel Sögu. Þar verður flottur matur í boði ásamt skemmtiatriðum og dansi á eftir. Er það von okkar að sjá sem flesta fagna á þessum tímamótum því maður er manns gaman.

*Fyrir hönd afmælis og kynninganefndar,
Pálmí og Hörður*

Kynningar- og afmælisnefnd

Hörður Sigurjónsson

kynningarstjóri



Kynningar- og aldarafmælisnefnd hreyfingarinnar stóðu saman að kynningu á Lionshreyfingunni á Íslandi í Kringlunni og Smáralind Laugardaginn 11. mars. Félagar úr Lionsklúbbunum Fold, Úú, Nirði, Muninn, Ýr og Garði hjálpuðust að við þetta verkefni. Hér má sjá nokkrar myndir frá kynningunni.

Fyrirhugað er að halda áfram þessum kynningum og ég hvet klúbba á öllu landinu að vera með kynningu og er þetta t.d. kjörið svæðaverkefni þar sem klúbbar á svæðum geta unnið saman. Endilega hafið samband og ég mun hjálpa ykkur eftir fremsta megni að koma þessu af stað. Næsta kynning verður í Borgarnesi þann 8. apríl næst komandi.



Minning + Erla Hallgrímsdóttir



Okkar hjartkæra Lionssystir Erla Hallgrímsdóttir f. 02.11.1945 eða Nína eins og hún var alltaf kölluð lést 12.09.2016 aðeins 70 ára, eftir hetjulega baráttu við illvígán sjúkdóm sem hún ætlaði aldeilis ekki að lúta í lægra haldi fyrir.

Nína var Lionsfélagi af guðs náð og starfaði af miklum dugnaði bæði í sínum klúbb og í hreyfingunni. Hún kynntist Lionshreyfingunni ung að árum er hún kom í hóp eiginkvenna Huginsmanna á Akureyri 1976 en sá hópur var stofnaður 25. janúar 1974 og vann við hlið Lkl.

Hugins að málefnum Lions fram að stofnun Lionessklúbbsins.

Nína var ein af stofnendum Lionessklúbbsins Aspar árið 1986 sem síðar varð Lkl. Ösp. Þess má get að hún var fremst í flokki þegar Lionessur sóttu um að ganga í hreyfinguna og fékk hún oft bágð fyrir, en það gekk ekki allveg þrautarlaust að komast í það karlavígi. Hún var Lionessufulltrúi

í 109 B 1991-1992 þegar krafa kvenna að fá full réttindi í Lions var að verða hávær. En við erum Lionsklúbbur í dag.– Hún hefur starfað í öllum nefndum klúbbsins, var formaður oft en einu sinni, var svæðisstjóri og sat í fjölumðæmisstjórn. Hún var ötull talsmaður sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar þegar kom að styrkveitingum og eru margar gjafir frá okkur tilkomnar eftir ábendingum frá henni.

Fyrir allt sitt óeigingjarna starf var hún sæmd ædstu viðurkenningu Lionshreyfingarinnar Melvin Jones árið 2004

Hún var góður lionsfélagi, við fórum oft saman á þing, vorum saman í stjórn, fórum í Lionsskólann í Munaðarnesi og fl. sem við gerðum skemmtilegt. Hún var afbragðs penni og skrifaði ýmislegt bæði bréf og skýrslur fyrir okkar hönd.

Farin er góð vinkona og Lionsfélagi, hennar er sárt saknað.

Við sendum fjölskyldu hennar innlegustu samúðarkveðjur og þakklæti fyrir hennar góðu störf.

Lionsklúbburinn Ösp Akureyri
María Ingadóttir formaður

Samvinna í baráttunni gegn fátækt

Cassandra Rotolo



Örfyrirtækjalán gefa konum tækifæri til að losna úr viðjum fátæktar og sjá fyrir fjölskyldum sínum.

Þrátt fyrir að hagkerfi Indlands sé í hvað örustum vexti í heiminum, er talið að um helmingur Indverja sé án viðunandi húsaskjól, njóti ekki lágmarks hreinlætisaðstöðu né hafi aðgang að menntun á framhaldsskólastigi.

Lions á Írlandi hefur nú tekið höndum saman við Lions á Indlandi við að hjálpa fátækum íbúum landsins við að hjálpa sér sjálfum.

Hefur þeim verið úthlutaður styrkur úr Alþjóðahjálparsjóði Lions (LCIF) að upphæð 50.000 Bandaríkjadala til þess að styðja einstæðar mæður við að fjármagna örfyrirtæki. LCIF telur að verkefnið bæti fjárhagsstöðu þeirra kvenna sem lifa við og undir fátæktrarmörkum, hafa takmarkað fé og færni en dreymir um að bæta líf sitt.

Lionsklúbbarnir starfa með hjálparsamtökunum Nandri á Írlandi og Hjálparsjóði barna (CAT) á Indlandi. Flestar eru konurnar ólæsar og framfleyta fjölskyldum sínum með erfiðisvinnu. Þær tilheyra hinum stéttlausu, lægsta þjóðfélagsþrepi Indlands. Þessar konur hafa enga möguleika á venjulegri lánsfyrirgreiðslu.

Konunum býðst að taka lán Rs 25.000 sem svarar 366 Bandaríkjadöllum, sem þær greiða tilbaka með 1% vöxtum á 25 mánuðum. Sumar kvennanna nota peningana til þess að kaupa kú sem gefur þeim mjólk og þær síðan selja. Sumar fjárfesta í saumavél og hafa þannig stöðuga vinnu sem saumakonur. Aðrar opna litlar sjoppur í nágrenninu þar sem þær selja nasl og kalda drykki. Þessar valkostir gera konurnar sjálfstæðari og færari um að fæða og mennta bæði sjálfar sig og börnin sín.

Lions kemur að öllum þáttum verkefnisins, allt frá því að meta umsóknirnar þar til að lánsféð er afhent. Lions í báðum löndunum eiga sæti í ráðgjafarnefndinni sem veitir fjárhagslegt eftirlit, kynnir verkefnið fyrir almenningi og hjálpar auk þess lánþegum að gera fjárhagsáætlun.

Lourde Mary, blásnaud ekkja í þorpinu Moranam, er ein lánþega. Hún býr með tveimur börnum sínum í litlum kofa, án rafmagns og hreinlætisaðstöðu og vinnur sem daglaunaverkakona við akuryrkju. Hún nýtti lánið til kaupa á kú. Til þess að mæta daglegum grunnþörfum fjölskyldu sinnar, selur hún mjólkina til neyslu og þurrkaða kúamykjuna sem eldsneyti.

Síðan örlánin voru kynnt til sögunnar árið 2014, hefur LCIF fjármagnað sex verkefni í Indlandi, Sri Lanka, Nepal, Írlandi og Kenýa, að upphæð samtals 475.000 Bandaríkjadöllum. Yfir 1200 lán hafa verið veitt.

Frekari upplýsingar um örfyrirtækjalán til uppbyggingar má finna á vefsíðu LCIF, lcif.org.

Þýð. Edda J. Briem

Aldarafmæli Lions

Pálmi Hannesson

Aldarafmælisstjóri



Það fer að stytast í að þessu starfsári fari að ljúka, Lions verður 100 ára í sumar og höfum við verið að hvetja klúbbana og svæðin til að minnst þessara tímamóta. Öllum er frjálst hvaða leiðir þeir velja en við höfum verið að hvetja svæðin til að standa að sameiginlegum verkefnum og einnig kynningum á Lions. Nokkrir tóku sig saman og héldu finar kynningar í Smáralindinni og Kringlunni í mars. Einnig var haldin kynning á Lions á svæði 5 í A umdæminu, en þar fór fram kynning í Nettó í Reykjanesbæ. Sama er hjá klúbbunum í Borgarnesi en þeir buðu til opins fundar og kaffi í byrjun apríl. Búið er að útbúa nýjan kynningarbækling sem hægt er að nálgast á Lionsskrifstofunni og er gott að dreifa honum á þessum kynningum. Þá er einnig hægt að fá að láni kynningastanda þar sem kemur fram það helsta sem við leggjum áherslu á á afmælisárinu. Því



miður verður þó að segjast eins og er að mér finnst frekar lítill áhugi fyrir þessum tímamótum hjá Lionsfélögunum. Ég hefði viljað sjá meiri samstöðu í að kynna Lions fyrir landanum en við getum enn bætt úr. Afmælisárið heldur nefnilega áfram næsta starfsár og er það von mín að við ljúkum því með stæl! Verum sýnileg á afmælisárinu, stöndum saman og látum gott af okkur leiða!

Lions og afmælisveðja

Alþjóðleg Lions verkefni

Guðrún Björt Yngvadóttir
vara alþjóðaforseti Lions



Lions leggur lið

Eitt af skyldustörfum alþjóðaforseta er að skoða og taka þátt í Lionsverkefni, vígja eða opna ýmis stærri verkefni, eða leggja grunn að nýjum. Mikilvæg á þessu ári eru sérstök aldarafmælisverkefni, sem eru gjarnan tengd náttúru og heilbrigðum lífsstíl, svo sem almenningsgarðar, barnaleikvöllir, göngustígar. Hér eru nokkur dæmi frá síðustu heimsóknunum:



Tölvuver sem Lions í Panama gáfu í grunnskóla.



Trjáplöntun í Ísrael = aldarafmælis Lions-skógur. Erlendir Lionsgestir plöntuðu í skóginn, sem á að verða alþjóðlegur Lions-skógur.



Drykkjarvatnskrannar á skólalóð í barnaskóla í Tanzaníu.



Leikvöllur eða æfingarsvæði fyrir fatlaða sem og ófatlaða í Ísrael.



Sungið með skólabörnum í Tanzaníu, en Lions gefur þeim mat og ritföng.



Strætóskýli sem verndar gegn brennandi sólinni; aldarafmælisverkefni Lions í Suður Afríku.



Skólatöskur fullar af bókum handa stúlkum í Panama; lestrarátaksverkefni.



Aldarafmælisgarður í Guatemala.



Hjólástólar og sjúkralyfta á heimili fyrir aldraða í Ísrael.



Lagður Grunnur að nýjum íþróttavelli við Skóla í Costa Rica.



Lions skógur í Nýja Sjálandi, fallgett útivistarsvæði með gönguleiðum.



Lions í Úganda plöntuðu trjám í Lionsskógin. Öll fjölskyldan tók þátt (og börnin heilluðu ömmuna).



Alþjóðahjálparsjóðurinn LCIF sinnir mannúðarmálefnum

Í tilefni af 50 ára afmæli Alþjóða hjálparsjóðsins LCIF stefnir sjóðurinn nú að því að safna meira fé en nokkru sinni til baráttunnar gegn mislingum og blindu og til annarra aðkallandi verkefna. Þörfin hefur aldrei verið meiri.

Í nærri 50 ár hefur LCIF stutt Lionsklúbba við verkefni sem hafa breytt lífi fólks, fólks sem býr við mikla neyð og á svæðum þar sem litla hjálp er að fá.

Nú þegar 50 ára afmæli sjóðsins er í undirbúningi er markmiðið sett á 50 milljón dollara árlega. Markmiðið er vissulega áskorun en þegar því er náð mun það setja Lions á enn hærri stall og getan til að sinna verkefnum verður enn meiri.

Þessi upphæð er vissulega áskorun en langt frá því að vera óraunhæf. Þetta eru „ekki nema“ 5.000 kr. fyrir hvern félag.

Þetta gefur Lions tækifæri til að efla baráttuna gegn blindu, byggja fleiri heilsugæslustöðvar, veita öflugri stuðning við náttúruhamfarir og efla baráttuna gegn mislingum sem tekur líf 300 barna á hverjum degi. Með auknu framlagi sjóðsins aukast einnig framlög samstarfsaðila eins og Gavi, the Vaccine Alliance, UK's Department of International Development og Gates Foundation. Samstarf sem talið er hafa bjargað lífi 17,1 milljón einstaklinga á árunum 2000 – 2014. Með þessu samstarfi eykst gildi starfs Lions verulega.

LCIF vill gera enn betur í framtíðinni. 2015 – 2016 söfnuðust 39,5 milljónir í sjóðinn en styrkirir námu 45 milljónum og enn eykst þörfin.

Með stuðningi Lionsfélaga um allan heim mun sjóðurinn ná 50 milljón dollara markinu.

„Með góðu samstarfi við aðra sjóði hefur okkur tekist að koma í veg fyrir að milljónir látist vegna mislinga“.

– Joe Preston, formaður LCIF 2015-16

LCIF sannar að umhyggja skiptir máli

LCIF hjálpar fleira fólki nú en nokkru sinni fyrr.

Mannúðaraðstoð

Klukkutímum saman situr hin miðaldra Ndundo (mynd1) við saumavélina sína í Nairobi. Hún býr og vinnur á Kibera, alræmdasta fátækrahverfi Kenýa. Síðan hún fékk „smálán“ frá LCIF hefur fyrirtæki hennar vaxið umtalsvert. Hún saumar nú í miklu mæli æfingagalla og peysur fyrir skólabörn og leigusalinn hennar hefur veitt henni aðgang að betra og stærra húsnæði.



Ndundo er ein af fjölmörgum konum sem fengið hafa „smálán“ frá LCIF og geta nú mun betur séð fjölskyldu sinni farborða.


Sjálfstyrking ungmenna

„Allt í lagi, allir inn á skrifstofu skólastjórans“ sagði Leah Roberts við nemendur 7. bekkjar sem voru að skila ritgerðum. Nemendurnir voru hins vegar ekki send út til að fá skammir heldur til að fá lof fyrir góða frammistöðu. Feiminn nemandi sem var tregur til að þess að samþykkja að sín ritgerð yrði lesin fékk mikil hvatningar óp frá öðrum nemendum. Eftir að kennarinn las upp ritgerðina var engin feimni til staðar lengur, aðeins stolt.

Svona jákvæðni í hegðun nemanda í Wayside Middle School (mynd2) hófst með Lions Quest verkefninu. Kennarinn segið það alfarið að þakka Lions Quest hvernig hegðun nemendanna hefur breyst, áhugi þeirra á náminu, heiðarleiki og samúð með þeim sem minna mega sín.

Sjónvernd

Í El Salvador búa foreldrar og börn við stöðuga ógn frá ofbeldisfullum gengjum og eiga fá athvörf. Heilbrigðiskerfið er í rúst og á sumum stöðum alls ekki til staðar. Benjamin Bloom barnasjúkrahúsið í San Salvador er eina sjúkrahúsið í El Salvador sem sérhæfir sig í umönnun barna. Þökk sé LCIF og Lions þá munu börn í El Salvador loksins fá þá hjálp sem þau þurfa til að fá bættu sjón. (mynd3) Lions-



umdæmi D2 í El Salvador hefur fengið ríflega 53.000 dollara SightFirst styrk frá LCIF til að efla sjónverndar starf fyrir börn á Benjamin Bloom sjúkrahúsinu. Upphæðin verður notuð til að bæta tækjabúnað og mennta 28 heilbrigðisstarfsmenn á sviði augnlækninga.

LCIF hefur náð gríðarlegum árangri í baráttunni gegn blindu víða um heiminn.

Styrkir vegna náttúruhamfara

Hitabeltisstormurinn Soudelor skall á löndum við vestur hluta Kyrrahafsins með skelfilegum afleiðingum sumarið 2015. Monsún rigningar, stormar, flóð og skriðuföll skildu milljónir eftir á vatns, rafmagns og skjóls. LCIF brást við á stundinni með 10.000 dollara neyðarframlagi sem Lionsumdæmi 204 í Micronesia fékk til hjálparstarfs í Saipan (mynd4).

200.000 dollara „Major Grant“ var veittur til umdæmis 200 í Taiwan til að veita bæði neyðaraðstoð og svo til langtíma enduruppbyggingar.

LCIF neyðarstyrkir veita fjárhagsstyrk til klúbba sem bregðast við náttúruhamförum strax í upphafi. Þegar náttúruhamfarir verða vilja Lionsfélagar bregðast við strax. Þessir styrkir létta þeim það verk.

„Þegar ég sé fólk sem hefur orðið fyrir áfalli finn ég til með viðkomandi og vil gera allt sem í mínu valdi stendur til að aðstoða,“ segir Terri Oster Lionsfélagi í New York og þá er gott að geta leitað til LCIF ef klúbburinn minn hefur ekki burði til að sinna verkefninu.

Lions gerir mikið meira en þetta. Fleiri sögur og upplýsingar eru á www.lcif.org.

Vonin er innan seilingar

Það byrjar allt með því að við náum 50 milljón dollara markmiðinu.

Hver einasti einstaklingur sem á um sárt að binda er okkur hvatning til að gera betur og aðstoða fleiri. Öll aðstoð sem við veitum og hver króna sem við söfnum skiptir máli þegar við fjárfestum í von fyrir þá sem minna mega sín. Það er þó ekki alltaf auðvelt að koma hjálpinni til þeirra sem á þurfa að halda. Með aðstoð LCIF er oft hægt að auðvelda þá vinnu.

Tölurnar sanna þetta. 2015 – 2016 höfðu styrkir og starf LCIF áhrif á líf 440 milljón einstaklinga, flest þeirra á sviðið bættrar heilbrigðisaðstöðu sem leiða til heilbrigðara samfélags og bjartari framtíðar.

Það sem margir félagar vita ekki er að LCIF er stóri hjálparsjóðurinn okkar.

Öll framlög til sjóðsins renna til góðra málefna þar sem þörfin er mest. Fyrir hverja 1 krónu sem kemur inn í sjóðinn fer 1 króna út. Engin framlög til sjóðsins fara í rekstrarkostnað. Það kemur því ekki á óvart að í 6 ár í röð hefur LCIF fengið hæstu einkunn sem Charity Navigator. Lionsfélagar bera því höfuðið hátt og eru stoltir af sjóðnum sínum.

Það er vissulega rétt að markmiðið á 50 milljón dollara er metnaðarfullt og sérstaklega á tímum þegar áhugi fólks á sjálfbærni og sjálfbærni fer minnkandi.

Það að ná þessu markmiði krefst skuldbindinga og samstillts átaks allra Lionsfélaga.

Ef framlög klúbba nema sem svarar 5.000 krónum fyrir hvern féлага þá næst markmiðið og ríflega það.

„Alþjóðahjálparsjóðurinn hefði aldrei getað náð sínum markmiðum nema með hjálp Lionsfélaga um allan heim. Þegar þið hugið að útdelingu söfnunar fés klúbbsins, munið þá eftir LCIF og hvornig sjóðnum hefur tekist að láta drauma milljóna um betra líf rætast“.

– Joe Preston, formaður LCIF 2015-16

Hver króna skiptir máli. Fyrir 1.100 krónur (10 dollara) er hægt að bólusetja 10 börn eða fæða heila fjölskyldu eftir náttúruhamfarir. Ekki hugsa ykkur of mikið um. Sendið framlög til sjóðsins.

Pýðing: Kristinn Hannesson

Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga.

Lionsklúbburinn Agla 30 ára

Lionsklúbburinn Agla var stofnaður 20. Janúar 1987 og Lionsklúbbur Borgarness er móðurklúbbur okkar. Okkur leist vel á að stofna klúbb en engin okkar taldi sig geta tekið að sér stjórnarstörf en allar vildum við vera með. Nú eru sem sagt liðin 30 ár og öll þessi ár hafa embættin verið full mönnuð auk þess hafa nokkrar félagskonur tekið að sér svæðis-stjórnarstarf. Ég tel að starfið innan Lions hafi þroskað okkur til góðs. Öll árin sem við vorum Lionessur störfuðum við eins og fullgildir Lionsfélagar. Árið 1994, þann 20. apríl, tókum við skrefið og gerðumst fullgildir Lionsklúbbur. Í raun breyttist ekkert nema nafnið sem varð Lionsklúbburinn Agla.

Við höfum unnið að mörgum verkefnum til fjáröflunar og skilað þeim fjármunum mest í okkar nærumhverfi. Einnig höfum við styrkt mörg góð verk sem Lions leggur lið. Okkar stærstu verkefni til fjáröflunar hafa verið:

- Fyrsta vetrardag var til margra ára haldinn almennur dansleikur á Hótel Borgarnesi.
- Öglublaðið er gefið út í byrjun desember ár hvert og hefur komið út í 26 ár það er auglýsingablað fyrst og fremst.
- Við höldum „Dömkvöld“ sem lukkast hafa mjög vel,
- Nú í mars var Sagna- og hagyrðingakvöld sem tókst mjög vel.

Mörg önnur verkefni höfum við tekið okkur fyrir hendur sem ekki verða tífunduð hér, nema eitt vil ég nefna, frekar óvenjulegt. Það var þegar fjáröflunarnefndin tók sig til og lásu bókina „Píkusögur“. Fyrir okkur sem stóðum að þessu og lásam verkið var þetta mjög ögrandi en að sama skapi gefandi. Þetta stendur upp úr hjá okkur sem þátt tókum því sannarlega fórum við út fyrir okkar þægindaramma. Eins héldum við nokkrar sýningar og tókust þær vel.

Á fyrstu árum okkar sem Lionessur héldum við ræðunámskeið okkur sjálfum til eflingar og tókust þau mjög vel. Við vorum svo heppnar að ein í klúbbnum kunni þar til verka.

Í nokkur ár áttum við vinaklúbba og skiptumst við á heimsóknnum. Það var afar skemmtilegt og gefandi þó oftast hafi verið vitlaust veður þegar lagt var af stað í þær ferðir. Það var gaman að kynna og heyra hvað verið var að gera í öðrum klúbbum. Einmitt þá kvikna nýjar hugmyndir og sjóndeildarhringurinn víkkar.

Við í Öglum höfum verið svo heppnar að innan okkar raða hafa verið og eru margar kröftugar, hugmyndaþarfar og skemmtilegar konur. Enda höfum við lagt mikið upp úr að hafa gaman saman og efla okkur inná við. Þá er miklu hægt að koma til leiðar. Við leggjum mikið upp úr að hafa fundina skemmtilega og gaman þegar unnið er saman að ýmsum verkefnum.

Fyrir 10 árum fórum við til Prag og sú ferð tókst afar vel og skapaði góðan anda í hópnum. Nú á afmælisárinu leggjum við aftur land undir fót og er ferðinni heitið til Búdapest með von í brjósti að aftur bindi það böndin innan hópsins.

Við eigum okkar eigin söngtexta og syngjum hann í lok hvers fundar? Textann samdi María Guðmundsdóttir félagi okkar. Hann er svo hljóðandi.

*Störfum saman, stöndum saman
styrkjum vinarbönd.
Höfum jákvætt hugarfar
og hjálpar réttum hönd.
Ef að hlekkur einhver bilar
okkar keðja er veik.
Öglur stöndum alltaf saman
eins í starfi og leik.*

Að lokum sendum við öllu Lionsfólki afmælis-kveðjur á þessu hátíðarári.

Þóra H. Þorkelsdóttir
ritari.



Nokkrir fróðleiksmolar frá Lionsklúbbum Engey

Starf klúbbsins hefur verið með líku sniði í vetur og endranær. Hefðbundnir fundir eru einu sinni í mánuði og síðan um áramót hafa þeir verið haldnir á Hótel Sögu. Þar fyrir utan hefur ýmislegt verið á döfnni. Klúbbfélagar fóru t.d. saman í Bío Paradís og sáu heimildamyndina Yarn. Sjóminjasafnið var heimsótt og þess notið sem það hefur upp á að bjóða og 8. mars síðastliðinn fjölmenntu félagar á Góugleðina.

Á haustdögum kom Jón Pálmason umdæmisstjóri 109 A með áhugavert námskeið „Árangursrík liðsheild“. Fleiri góðir gestir hafa heimsótt klúbbinn má þar nefna Ellert Eggertsson varaumdæmisstjóra og Gunnhildi Hrólfsdóttur sagnfræðing og rithöfund. Hún kynnti og las úr bók sinni „Þær þráðinn spunnu“. Gunnhildur Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur kom einnig á fund og sagði frá starfsemi dagheimilis í Suður Afríku og sýndi myndir þaðan. Hún var upphafsmaður að stofnun heimilisins og klúbbfélagar hafa þrjónað og heklað fatnað og sent börnunum sem þar dvelja. Áfram eru félagarnir að þrjóna og hekla bæði fyrir Rauða krossinn og Hjálparstarf kirkjunnar. Júlíana Vilhjálmsdóttir sérkennslustjóri kom á fund 13. mars og leiðbeindi félögum um notkun tveggja nýrra Facebooksíðna.

Í nóvember var haldin kökubasar í Mjódd og í tengslum við hann fór fram sykursýkismæling.

Að venju var hjúkrunarheimilið Skógarbær heimsótt og boðið upp á veitingar og skemmtun. Í tilefni af hundrað ára afmæli Lionshreyfingarinnar voru heimilinu færðir fjórir hvíldarstólar að gjöf fyrir vistmenn. (Sjá mynd „Skógarbær“ en þar er Ína Jónasdóttir formaður Engeyjar að afhenda Guðmundi Jóhannssyni 4 hvíldarstóla fyrir vistmenn).

Í ár er félagi í klúbbum, Halldóra A. Þorvaldsdóttir, svæðisstjóri á okkar svæði. Þess má einnig geta að nýr félagi, Jóhanna Thorsteinson, hefur gengið til liðs við klúbbinn. Hún var áður í Lionsklúbbi Seyðisfjarðar.

Engeyjarfélagar eru ánægðir með vetrarstarfið og horfa bjartsýnir til framtíðar.

*F.h. Lkl. Engeyjar
Guðrún H. Björnsdóttir*



Húfumátun í Afríku.



Skógarbær.



Ellert Eggertsson varaumdæmisstjóri ásamt Ínu formanni og Halldóru Þorvaldsdóttur svæðisstjóra.

Fræðslukorn

Mikilvægur hluti af því að vera lionsfélagi er að skilja hvernig Alþjóðahreyfing Lions er uppbyggð.

Skipulag Alþjóðahreyfingar Lions hefst hjá þér sem félagi í lionsklúbbi. En eins og í öllum stórum stofnunum/hreyfingum eru mörg þrep innan þess sem að hver um sig styður aðra.

Þessi samsetning ferninga (sjá mynd) táknar uppbyggingu Alþjóðahreyfingu Lions.

Félagi: Lionsfélagar eru uppistaða hreyfingarinnar, þau byggja upp þjónustuna sem veitt er um allan heim. Í dag eru rúmlega 1,4 milljónir félaga í 210 löndum starfandi í hreyfingunni.

Klúbbur: Það þarf samtakamátt lionsfélaga til að byggja upp sterkan klúbb. Nú eru um það bil 46.000 klúbbar innan samtakanna. Árlega kjósa lionsfélagar sér stjórn sem er yfir lionsklúbbum til að leiða starfið sem klúbburinn innir af hendi bæði í sínu sveitarfélagi svo og öðrum stærri verkefnum sem eru sameiginleg með fleiri klúbbum.

Svæði: Næsti hringur í uppbyggingu Lions er svæðið. Þau samstanda af 4-8 Lions klúbbum innan hvers landsvæðis. Á Íslandi hefur skapast sú hefð að klúbbar innan hvers svæðis skiptast á um að vera með svokallaðan svæðisstjóra. Misjafnt



Lionsklúbbur Grundarfjarðar í góðum gir

Starfið í vetur hefur verið með hinum mestu ágætum sem oftast áður. Í október var haldinn opinn kynningarfundur og voru félagar hvattir til þess að bjóða vænlegum kandidötum með sér á fundinn og gaf það góða raun. Vel var mætt á fundinn þar sem formaður og ritari klúbbsins kynntu starf Lions í máli og myndum. Þessi kynning skilaði sér svo með inntöku 9 nýrra félaga á Nýársfagnaði klúbbsfélaga og gesta þann 7. janúar sl. sem haldinn var í veitingahúsinu Bjargarsteini. Næsta verkefni klúbbsins var síðan hið árlega Kúttmagakvöld sem hin síðari ár hefur verið auglýst sem opin sjávarréttaveisla með skemmtivafi og hefur verið haldið sl. þrjú ár í sal Fjölbautaskóla Snæfellinga. Á annað hundrað manns var samankomið á Kúttmagakvöldinu þann 25. febrúar sl. en veislustjórn var í höndum Kára Péturs Ólasonar grínara úr Stykkishólmi. Kúttmagakvöldið er önnur stærsta fjárfölnarleið klúbbsins fyrir

utan súpúsöluna á bæjarhátíðinni „Á góðri stund í Grundarfirði“. Fyrir fram er auglýst hvert ágóði kvöldsins eigi að renna og að þessu sinni var það Skíðafélag Snæfellsness sem hlaut söluhagnað kvöldsins sem kemur sér væntanlega vel við uppbyggingu skíðasvæðisins í fjallendinu ofan við Grundarfjörð. Auk sölu aðgöngumiða var einnig veruleg sala í happdrættismiðum sem seldir voru við innganginn og vinningar fjölbreyttir og glæsilegir og gengu þeir út til heppinna veislugesta sem dagóður eftirréttur. Félagar höfðu verið duglegir að safna vinningum og er öllum þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem lögðu til vinninga þakkað fyrir stuðninginn við starf Lionsklúbbsins. Vorferðalagið í ár verður með styttra móti enda félagar að safna

kröftum (og í sjóð) fyrir reisuna miklu á Alþjóða Lionsþing í Las Vegas að ári þar sem félagar úr Lionsklúbbi Grundarfjarðar munu verða viðstaddir til að hylla fyrsta kvenforseta hreyfingarinnar en eins og allir vita er það hún Guðrún Björt sem þar mun taka við hinu virðulega embætti.



Nýjir félagar ásamt Jóhanni formanni sjá mynd:

Fremri röð frá vinstri: Jón Pétur Pétursson, Kristín Alma Sigmarsdóttir, Haukur Árni Hjartarson, Jóhann Ragnarsson formaður Halla Karen Gunnarsdóttir.

Aftari röð frá vinstri: Þorstein B. Sveinsson, Kristín Pétursdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir, Anna Kristín Magnúsdóttir og Óli Fjalar Ólason.

Gunnar Kristjánsson

Blaðafulltrúi Lionsklúbbs Grundarfjarðar.



Myndir frá undirbúningi kúttmagakvölds.

er eftir hvaða reglu röðunin er en gott er fyrir svæðið að sá klúbbur sem taki við að hafa svæðisstjórn sé búinn að skipa hann tímanlega þannig að það sé á hreinu hver taki við næst og að hann geti unnið með núverandi svæðisstjóra og þannig komið sér inn í málin.

Svæðisstjórar starfa sem ráðgjafar, hjálpa við að leysa vandamál og að koma auga á tækifæri fyrir klúbba á sínu svæði. Þeir taka einnig virkan þátt í að skipuleggja nýja klúbba.

Landshluti: Á Íslandi höfum við ekki þessa landshluta.

Umdæmi: Starf svæðisstjóra eru samræmd á landsvísi. Umdæmisstjóri er ábyrgur fyrir forystu í umdæminu og leiðbeinir svæðisstjórum í viðleitni þeirra.

Umdæmisstjóri leiðir umdæmisstjórn sem felur í sér fráfarandi umdæmisstjóra, fyrsta og annan varaumdæmisstjóra, umdæmisritara/gjaldkera, svæðisstjóra og aðra umdæmisfulltrúa.

Fjölmæmi: Í fjölmæmi eiga venjulega að vera að minnsta kosti 35 klúbbar með 1.250 Lions félögum.

Alþjóðastjórn: Í næsta hluta af alþjóðlegri uppbyggingu er alþjóðastjórnin sem felur í sér stjórnendur og stjórnarmenn.

Alþjóðastjórnarmenn eru valdir á grundvelli stjórnlagabingis sínu. Alþjóðastjórn er skipt í 7 stjórnskipuleg svæði sem innihalda:

1. Bandaríkin ásamt Bermúða & Bahamas
2. Kanada
3. Suður-Ameríka, Mið Ameríka, Mexíkó og Karabísku eyjarnar
4. Evrópa
5. Austurlönd og Suðaustur-Asía
6. Suður-Asía, Afríka og Mið-Austurlönd
7. Ástralía, Nýja-Sjáláland, Papúa, Nýja-Gínea, Indónesía og eyjarnar í Suður-Kyrrahafi

Alþjóðaskrifstofa Lions: Í ysta hring skipulagsins er alþjóðaskrifstofa Lions. Hún er staðsett í Oak Brook, Illinois, Bandaríkjunum en þar vinna um 230 starfsmenn við að aðstoða, veita hjálp og stuðning til hinna rúmlega 1,4 milljónir Lionsfélaga.

Þýðandi: Sigfríð Andradóttir
Lionsklúbbi Búðardals
GLT fulltrúi 109B



Lkl. Bjarmi á Hvammstanga hlýtur samfélagsviðurkenningu



Jóhannes veitir viðurkenningunni móttöku úr hendi Sigrúnar Birnu.



Laura Ann Howser, Guðmundur Jónsson, Pálína Fanney Skúladóttir, Magnús Magnússon, Jóhannes Erlendsson, Jón Haukdal og Pétur Daníelsson.

Þann 15. febrúar s.l. voru veittar samfélagsviðurkenningar á vegum fjölskyldusviðs Húnaþings vestra. Alls bárust ellefu tilnefningar til fjölskyldu og félagsmálaráðs sem ákvað að veita þremur viðurkenningu að þessu sinni. Sigrún Birna Gunnarsdóttir formaður félagsmálaráðs afhenti viðurkenningarnar.

Þau sem hlutu viðurkenningu voru: Lionsklúbburinn Bjarmi í samstarfi við Karlakórinn Lóuþræla, Húsfreyjurnar á Vatnsnesi, Kvenfélagið Björk og fl. vegna kótiletukvölds í mars 2016. Einnig hlutu viðurkenningu Pálína Fanney Skúladóttir, kennari og organisti og Laura Ann Howser, kennari. Þau fengu auk viðurkenningarskjals selshaus úr leir eftir leirlistakonuna Grétu Jósefsdóttur.

Jóhannes Erlendsson veitti viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd félaga í Lionsklúbbnum Bjarma, en hann átti hugmyndina á kótiletukvöldinu, en á því söfnuðust nær 4 milljónir sem voru nýttar til kaupa á nýju ómskoðunartæki fyrir heilsugæsluna á Hvammstanga. Pétur Daníelsson gjaldkeri Bjarma flutti þakkir fyrir hönd Lionsmanna.

Annað kótiletukvöld

Þann 4. mars s.l. hélt Lkl. Bjarmi ásamt Húsfreyjum á Vatnsnesi og Kvenfélaginu Björk og fleiri kótiletukvöld númer 2 í Félagsheimilinu á Hvammstanga. Að þessu sinni rennur ágóðinn sem var um 1700 þúsund krónur í sjóð til að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem verða fyrir áföllum í sveitarfélaginu. Öll vinna við hátíðina, framreiðslu á mat og skemmtiatriði voru unnin í sjálfboðavinnu. Hráefni vegna kótiletukvöldsins var lagt til af fyrirtækjum á svæðinu, lista- og handverksfólk í héraði lagði til muni á uppboð ásamt því að húsnæðið var án endurgjalds.

Alls mættu um 230 manns á þessa samkomu og áætla má að nær 100 manns hafi lagt fram vinnu á einhvern hátt við þetta verkefni. Íbúar Húnaþings vestra eru ákaflega samstæður hópur þegar eitthvað bjatar og eru ætíð tilbúnir að leggja góðum málefnum lið. Félagar í Lionsklúbbnum Bjarma eru stoltir af að starfa í svona jákvæðu samfélagi.

Guðmundur Haukur Sigurðsson formaður Lkl. Bjarma

Auglýsing um laust starf í fjöllumdæmisstjórn

Félagastjóri fjöllumdæmis - GMT

1. Almenn lýsing

Félagastjóri fjöllumdæmis og félagafulltrúi umdæmis eru skipaðir í embætti af alþjóðastjórn Lionshreyfingarinnar. Skipunartíminn er 3 ár.

Félagastjóri fjöllumdæmisins er verkefnisstjóri málaflokksins. Með honum starfa félagafulltrúar umdæmanna.

Helstu verkefni: (samvinna GMT teymis)

- Vinna að félagafjölgunar- og útbreiðslumálum hreyfingarinnar.
- Stuðla að því að félögum líði betur í klúbbunum.
- Gera áætlun um stofnun nýrra Lionsklúbba og vinna að áætluninni.
- Leiða verkefni vegna stofnunar nýrra klúbba.

2. Félagastjóri fjöllumdæmis

Félagastjóri fjöllumdæmis þarf að geta haft samskipti við aðra félagastjóra á Norðurlöndunum, þar sem hann situr einn fund á hverju ári með þeim í Kaupmannahöfn. Þarf að geta leitað upplýsinga um verkfæri og verkferla á vef Lions; Lionsclubs.org Félagastjóri þarf að hafa áhuga á fjölgunarmálum hreyfingarinnar Félagastjóri þarf að geta unnið að nýjungum í málaflokknum.

Þeir sem hafa áhuga hafið samband við Jón Pálmason vara fjöllumdæmisstjóra í síma 8983566



Lions Clubs International

Fjölumdæmi 109



Dagskrá 62. þings Lionsumdæmis 109
haldið í Reykjavík, 21. og 22. apríl 2017

Fimmtudagur, 20. apríl.	
19:00 – 22:00	Skráning og afhending þinggagna – Aðal inngangi Hótel Sögu
Föstudagur, 21. apríl.	
08:00 –	Skráning og afhending þinggagna – 2. hæð við fundarsali
09:00 – 15:20	Skólar embættismanna: <ul style="list-style-type: none">➤ Skóli formanna – Salur Katla II➤ Skóli ritara – Salur Hekla (ritarar muni eftir fartölvum)➤ Skóli gjaldkera – Salur Esja➤ Skóli svæðisstjóra – Salur Katla I
10:15 – 10:30	Kaffihlé – Við skóla
12:00 – 13:00	Hádegisverður – Súlnasalur
13:00 – 15:20	Skólum framhaldið – Sömu staðir
15:20 – 15:45	Kaffihlé – Fyrir framan fundarsali
16:00	Mæting í sknúðgöngu – Inngangi við Guðbrandsgötu
16:15	Skrúðganga leggur af stað (munið eftir stóra klúbbfánanum)
16:45 – 17:45	Þingsetning – Neskirkju
20:00 – 23:00	Kynningarkvöld – Súlnasalur
Laugardagur, 22. apríl.	
08:45 – 09:45	Kynning á nýjum lögum umdæma og fjölumdæmis – Salur Katla
08:30 –	Skráning og afhending þinggagna – 2. hæð við fundarsali
10:00 – 12:15	Þingi umdæmis 109 – A framhaldið – Salur Katla Þingi umdæmis 109 – B framhaldið – Salur Hekla
11:00 – 11:15	Kaffihlé – Fyrir framan fundarsali
12:15 – 13:15	Hádegisverður – Súlnasalur
13:15 – 17:30	Þingi fjölumdæmis 109 framhaldið – HT102 Háskóla Íslands
13:45 – 17:00	Makadagskrá – Farið frá inngangi við Guðbrandsgötu
15:00 – 15:15	Kaffihlé – Við fundarsal
19:30 – 02:00	Afmælishátíð – Súlnasalur

(Birt með fyrirvara um hugsanlegar (óverulegar) breytingar á tímasetningum)

Næsta starfsár er ár breytinga

Ég fór sem ritstjóri á ráðstefnu ritsjóra lionsblaða í Berlín síðast líðið haust. Þessi ráðstefna var mjög góð og lærdómsrík fyrir mig sem ritstjóra Lionsblaðsins. Þarna hitti ég ritstjóra frá öðrum löndum og kynntist þeim og þeirra starfi. Mér varð fljótlega ljóst að hlutverk lionsblaða er ákaflega mismunandi í þeim löndum sem þau eru gefin út í miðað við hvaða hlutverk það hefur hér á Íslandi. Hér á landi er lionsblaðið fyrst og fremst vettvangur félaganna til að koma upplýsingum um starf klúbbanna til annarra félaga. Annars staðar er lögð minni áhersla á þennan þátt og er jafnvel ekki nema ein síða með stuttum dálkum án mynda sem fjallar um starfsemi klúbbanna. Þar eru ýmis konar málefni til umfjöllunar sem jafnvel tengjast lítið sem ekkert starfi Lionsklúbba og þó nokkuð mikið af auglýsingum. Eitt eiga þó öll blöðin sammerkt þar eru greinar sem yfirstjórn alþjóðahreyfingarinnar setur í blöðin. Þetta eru greinar sem alþjóðaforseti skrifar og eins er fjallað um málefni LCIF (alþjóða-hjálparsjóðinn). Það er skilyrði til þess að klúbbar fái styrk til útgáfu blaðanna í heimalöndum sínum að þessar greinar séu birtar þýddar á tungumál landanna. Þetta mun ekki breytast á næstu árum þ.e. að við þurfum áfram að birta þessar greinar í öllum blöðum sem við gefum út. Hvað breytist þá? Alþjóðastjórn hefur ákveðið að lækka styrk hvers lands um fjórðung sem gerir það að verkum að við getum aðeins gefið út fjögur prentuð blöð á hverju starfsári. Á móti kemur að öll blöð verða gefin út á rafrænu formi og við munum eftir sem áður gefa út 6 blöð ár hvert, 4 prentuð og 2 rafræn. Reyndar verða öll blöðin rafræn. Þá getur einhver



spurt erum við ekki að gefa blöðin þegar út rafrænt þar sem hægt er að nálgast blaðið á heimasíðu í tölvutæku formi. Svarið við þessu er nei. Því í haust þegar að við gefum út okkar fyrsta rafræna blað getum við sótt smáforrit (app) á netið og lesið blaðið í hvaða nettengdu tæki sem er þ.e. síma, spjaldtölvu og tölvu. Þetta smáforrit verður okkur að kostnaðarlausu og fyrir suma verður þetta mikil hagræðing en ekki fyrir alla. Sumir félagar okkar hafa ekki aðgang að tölvu né snjallsíma og munu þeir því einungis fá 4 prentuð blöð á ári. Ég reyndi að benda á þetta á ritstjórnarráðstefnunni en án árangurs því þetta hafði þegar verið ákveðið og við gátum lítið við þessu sagt.

Þetta er sem sagt sá veruleiki sem blasir við okkur og þurfum við að sætta okkur við þetta. Þó að þetta séu ekki stórkostlegar fréttir þá má samt finna í þessu ný tækifæri og aðgangur að útgefnu efni frá hreyfingunni verður aðgengilegt ávallt og menn þurfa ekki að hafa blaðið við hendina í hvert skipti sem afla þarf upplýsinga. Yfirstjórn þarf síðan að funda um það hvernig við vinnum með þennan nýja veruleika og taka ákvarðanir í samræmi við hann.

Ég vona að þið kærú lionsfélagar takið vel á móti þessari breytingu því við hér á Íslandi höfum ekki annan kost en að vinna samkvæmt henni. Þegar blöðin verða aðgengileg í smáforriti þá verður það kynnt rækilega fyrir ykkur hvernig þið getið nálgast það.

Porkell Cýrusson PDG – ritstjóri LION Ísland

Sameiginlegur fundur

Sameiginlegur fundur þriggja Lionsklúbba í uppsveitum Árnessýslu var haldinn á sal Menntaskólans að Laugarvatni 1. mars sl. Þarna komu sama tæplega 40 Lionskarlar úr Lkl. Laugardals, Lkl. Skjaldbreið og Lkl. Geysi. Fundurinn var að undirlagi Geysismanna og var framtakinu fagnað af heimamönnum í Laugardal. Klúbbarnir byrjuðu allir á hefðbundnum fundarstörfum ásamt því að saga og starf klúbbanna var kynnt. Að því loknu tók gestgjafinn, Halldór Páll Halldórsson skólameistari við. Hélt hann ýtarlega tölu um ML, sagði frá tilurð skólans, hefðum, starfi og endaði á væntanlegum breytingum vegna styttingu náms. Auk framsögu sýndi hann Lionsmönnum myndband sem verið er að vinna

um skólann. Í lok fundarins afhenti Halldór Páll formönnum klúbbanna bók um ML.

Almenn ánægja var með þennan sameiginlega fund og móttökur skólameistara. Ekki er loku fyrir það skotið að frekari sameiginlegir fundir verði haldnir innan tíðar. Klúbbarnir hafa sumir farið í gegnum erfið tímabil en útlitið er bjart þar sem félögum hefur fjölgað sl. misseri.

*Niels Bjarki Finsen (sem einnig tók myndirnar)
Ritari Lkl. Laugardals*



Formenn klúbbanna taka við gjöf frá skólameistara, f.v. Sölvi Hilmarsson, Helgi Guðmundsson, Snæbjörn Þorkelsson og Halldór Páll Halldórsson



Halldór Páll Halldórsson, skólameistari.



Hluti fundarmanna.

Lionsklúbburinn Fjölur

Aðalverkefni Lionsklúbbsins Fjölur er stuðningur við meðferðarheimili Krýsuvíkursamtakanna í Krýsuvík.

Gróðursetning í Krýsuvík: Í lok október plöntuðum við um 100 trjáplöntum í reit við heimilið. Vegna fyrri reynslu okkar af veðurfari á svæðinu var talið nauðsynlegt að gera skjólgirðingu um reitinn til að verja plönturnar og tryggja það að þær næðu því að verða stór tré. Við söfnuðum efni í skjólvegg og fluttum suður eftir. Þegar búið var að safna nógu efni fóru nokkrir félaganna suður eftir í rigningu og roki og smíðuðu skjólvegg um reitinn með góðri hjálp vistmanna. Aftur var farið nokkru seinna til að bæta mold í reitinn og þá var svipað veðurfar og menn urðu hundblautir og skítugir.

Landgræðslan: Undanfarin 20 – 30 ár hafa félagarnir safnað birkifræjum á haustin og sent Landgræðslu ríkisins. Eftir að Viggó Maack féll frá þá hefur það komið í hlut Egils Skúla og Þórhalls að standa fyrir söfnuninni. Í ár söfnuðu þeir tveir meginhluta þeirra birkifræja sem klúbburinn sendi Landgræðslunni í Gunnarsholti. Landgræðslustjóri sendi okkur þakkarbréf í desember og lét okkur vita að fyrirhugað væri að nýta það til beinnar sáningar á Hekluslógasvæðinu eða til framleiðslu landgræðslubirkitrjáa. Hvetjum við aðra klúbba til að gera slíkt hið sama og safna næsta haust birkifræjum í gördum sínum eða nágrenni og senda landgræðslunni sem þiggur það með þökkum og getur nýtt allt sem henni berst.

Villibráðarveisla: Í byrjun nóvember buðum við eiginkonum okkar á villibráðarhlaðborð í Perlunni. Þátttaka var mjög góð og mættu 40 manns og áttu gott kvöld saman og nutu frábærra veitinga. Okkur fannst synd að verið væri að loka Perlunni um áramót og við gætum því hvorki komið þangað aftur í villibráðarhlaðborð eða jólahlaðborð.

Jólaöld klúbbsins: Um miðjan desember héldum við okkar árlega jólaöld þar sem við buðum eiginkonum okkar og eiginkonum látinna féлага til veislu. Ragnar Guðmundsson veitingamaður á Laugaási útbjó fyrir okkur frábært jólahlaðborð með úrvali heitra og kaldra rétta. Við komu var gestum boðið upp á fordrykk og spjallað saman í góða stund áður en sest var að borðum. Eftirtektarvert var hvað eiginkonur látinna féлага nutu þess að hitta konur okkar og rifja upp hvað hefði drifið á daga þeirra síðan þær hittust síðast. Þórir Jensen formaður leyfði umræðunni að þróast og dró því að setja fundinn formlega enda lá okkur ekkert á. Þegar formaður setti fundinn fól hann Ottó Schopka formanni skemmtinefndar að stjórna dagskránni. Ottó bauð viðstöddum

að fá sér kræsingar af jólahlaðborðinu, þar sem væri mikið úrval forrétta, kaldra og heitra rétta. Væri því eðlilegt að fara að minnsta kosti þrjár ferðir til að komast yfir að smakka á sem flestu. Tóku gestir hann á orðinu og flyktust að hlaðborðinu.

Að loknu borðhaldi kynnti Ottó Einar Kárason rithöfund sem las upp úr nýttkominni bók sinni Passíusálmarnir sem var vel tekið. Þá kynnti Ottó þær Ásdísi Stross eiginkonu látins féлага okkar og Villborgu píanóleikara sem léku fyrir okkur nokkur klassísk lög á fiðlu og píanó. Var þeim vel fagnað og þakkað sérstaklega með miklu lófataki.

Það sem er sérstakt við jólaöldina okkar er að undanfarin 25 ár höfum við boðið eiginkonum látinna féлага á jólaöldina og hafa þær mætt vel. Þá bjóðum við þeim einnig á afmælishátíðir klúbbsins og aðra viðburði. Með þessu viljum við og konur okkar halda sambandi við þær þó eiginmennirnir séu fallnir frá og hafa þær tekið þessu framtaki okkar vel og við og konur okkar erum ekki síður ánægð með að hitta þær. Aðrir klúbbar mættu taka okkur til fyrirmyndar að þessu leyti.

Jólagjafir til vistmanna í Krýsuvík: Eins og fyrri ár þá gaf Fjölur hverjum hinna 19 vistmanna í Krýsuvík jólagjöf. Að þessu sinni gáfum við hverjum og einum flíspeysu frá 66 gráðum norður. Hver þessara veglegu jólagjafa var að verðmæti 29 þúsund krónur og nutum við sérstaks velvilja stjórnenda fyrirtækisins varðandi gjafirnar.

Inntaka nýs féлага: Við buðum eiginkonum okkar og væntanlegum féлага á fund klúbbsins í Kringlukránni 27. febrúar. Var vel mætt á fundinn og hápunktur fundarins var inntaka nýs féлага Sigurðar Þórissonar.

Neistinn styrktarfélag hjartveikra barna: Fyrir tæpu ári síðan gerði Fjölur samning við rétthafa um kaup á margverðlaunaðri fræðslumynd um ferðalag keisaramörgæsaanna með það að markmiði að útbúa DVD disk til stuðnings góðu málefni. Sem styrktaraðili varð Neistinn styrktarfélag hjartveikra barna fyrir valinu og gerði lionsklúbburinn Fjölur samning við Neistann um að allur hagnaður af sölu disksins rynni til Neistans. Salan hefur gengið vel undanfarið ár og vonumst við til að ná markmiði okkar í vor um að safna 10 milljónum króna til stuðnings Neistanum. Takist það þá er þetta að okkar mati stærsta verkefni íslensks lionsklúbbs um einstakt verkefni. Fyrirhugað er að afhenda Neistanum afkrastur sölunnar á afmælisdegi Neistans 9. maí.

Vorferð Fjölur: Fyrirhugað er vorferð Fjölurismanna og eiginkvenna til Berlínar 11. – 15. maí.



Lionsklúbbur Hafnarfjarðar

Þegar þessar línur koma fyrir sjónir lesenda er verið á næsta leiti og starf Lionsmanna um land allt að komast í sumarstemmingu. Við í LkH. erum þar engin undantekning og erum farnir að huga að ferð sumarsins, sem að þessu sinni verður safnaferð á stór Hafnarfjarðarsvæðinu með lokafund á vel völdum stað. Þar verða stjórnaskipti að venju með viðeigandi borðhaldi og að sjálfsgöðu verða okkar ágætu eiginkonur þar með í ferð.

Senn líður að Lionsþingi þar sem Lionsfólk hvaðanæva af að landinu koma saman og kynnast, ræða málefni og búa sig sem best undir starfið á komandi vetri. Við í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar höfum samþykkt að bjóða fram okkar ágæta félag, Ellert Eggertsson í embætti Umdæmisstjóra í umdæmi 109A. Ellert er einn

af okkar bestu Lionsfélögum, sem er leiðandi í starfi klúbbsins, duglegur og áreiðanlegur við það sem hann tekur sér fyrir hendur og gott að vinna með honum. Ellert hefur verið mjög virkur félagi síðan hann gekk til liðs við klúbbinn 1983 og verið formaður hans og ritari, ásamt því að hafa verið formaður í hinum ýmsu nefndum, auk margra annarra starfa fyrir klúbbinn og er nú m.a. spjaldskrárritari. Ellert hefur starfað fyrir Umdæmi 109A sem Svæðisstjóri á svæði 6 og nú síðast sem fyrsti varaumdæmisstjóri. Ellert verður væntanlega sjöundi Umdæmisstjórinn sem kemur frá LkH. Eiginkona hans er Júlíanna Guðmundsdóttir.

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar hefur aðsetur að Bæjarhrauni 2. Þar á hann rúmlegt herbergi sem geymir skjöl og aðrar eigur klúbbsins. Þar

eru haldnir stjórnarfundir og önnur vinna er þar unnin eftir því sem á þarf að halda. Á síðustu dögum og vikum höfum við verið að endurnýja þennan samverustað okkar eftir rúmlega þrjátíu ára viðveru, með því að mála, skipta um gólfefni og húsgögn. Herbergið er nú orðið mjög vistlegt og gaman og hvetjandi að vinna þar að lionsmálum.

Búið er að styrkja hin ýmsu málefni í vetur með fjárframlögum og góðum hlutum. Nú síðast var gefin mjög vandaður þjálfunarstóll til Hrafnistu í Hafnarfirði og hjartastuðtæki.

Nokkrir félagar okkar í LkH hafa síðastliðna vetur, verið að æva Boccía undir stjórn formanns okkar Ingvars Viktorssonar, hafa þeir náð töluverðri leikni og árangri með boltana. Þeir hafa einnig verið dómara í leikjum, nú síðast í Íþróttahúsinu í Víðistaðaskóla þar sem hið árlega Þorramót Íþróttafélags Fjarðar fór fram laugardaginn 18. febrúar sl. Þá er ákveðið að við sjáum um dómgæslu á Íslandsmóti fatlaðra, sem verður dagana 1 og 2. apríl nk. í Laugardalshöll.

Bestu kveðjur frá Lionsklúbbi Hafnarfjarðar
Friðgeir H. Guðmundsson. Blandafultrúi LkH.



Júlíanna Guðmundsdóttir og Ellert Eggertsson.



Tekið til hendinni í herbergi LkH. Kristinn, Friðgeir, Haraldur og Guðjón.



Dómarar í Boccía: Fremri röð frá vinstri: Ólafur, Jón Rúnar, Kristinn, Gísli, Ingvar og Björgúlfur. Aftari röð frá vinstri: Birgir, Guðjón, Haraldur, Ellert og Halldór.



Ingvar Viktorsson, formaður LkH. afhendir 25 ára afmælisgjöf klúbbsins til Fjarðar. F.v. Gísli Þór, formaður verkefnanefndar, Valgerður, þjálfari Fjarðar, Sigríður Ósk, leikmaður, Ólafur Ragnarsson, formaður Fjarðar og Ingvar.



Keppendur Fjarðar og ÍBH.

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu
Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Fréttir frá Lionsklúbbum Emblu

Það er alltaf nóg að snúast hjá okkur Emblu konum og þetta ár er engin undantekning á því. Við höfum fengið til okkar á fundi skemmtilegt fólk til að deila með okkur, hvort heldur er reynslusögum, áhugamálum sínum, eða lífstíllsögum, allt jafn spennandi og skemmtilegt. Á fyrri janúarfund okkar kom ung kona, Margrét Steinunn Guðjónsdóttir, sem fræddi okkur um lífsreynslu sína að greinast með krabbamein og takast á við það. Á seinni fundinn janúar kom Silja Þorsteinsdóttir, stöðvarstjóri í World Class á Selfossi og leiddi okkur í allan sannleika með hvað er mikilvægt að halda sér í góðu formi. Hún benti okkur á marga möguleika sem boðið er upp á í þessari stórgóðu stöð sem er ný búin að opna hér á Selfossi og hefur fengið góðar viðtök og er vonandi komin til að vera. Svo nú erum við Emblu konur alveg með þetta á hreinu hvernig á að taka á því. Þetta erindi var bæði fróðlegt og skemmtilegt hjá Silju.

Á ferbrúar fund kom til okkar Jóhann Óli Hilmarsson, og hann fræddi okkur um hið merkilega og fallega Friðland fugla í Eyrarbakka myrinni ofan við Eyrarbakka. Þar er komin aðstaða í húsi til að skoða fugla og svo er gaman að ganga þarna um í kyrrðinni sem þarna ríkir. Mjög fróðlegt og skemmtilegt erindi sérlega fyrir þá sem hafa gaman og áhuga á fuglalífi sem er mikið þarna á tjörnum og lækjum.

Við tókum einnig þátt í Góugleði Lionskvemma í Hafnarfirði í mars, sem var skemmtileg ferð eins og svona ferðir eru alltaf. Það var gaman að hitta aðrar konur sem allar eru að vinna að sama góða málefninu, hjálpa þeim sem þess þurfa og skemmta sér og hafa gaman saman í leiðinni. Getur ekki verið öllu betra.

Í mars var svo okkar árvissa Emblu diskótek sem haldið er tvisvar á ári, og var vel mætt, mikil gleði ríkti eins og ævinlega er á þessum diskótekum okkar. Þegar búið var að dansa og njóta veitinga sem við bjóðum upp á færðum við Emblukonur Vistheimilinu að Álftaríma 2, leikjatlövu með öllu tilheyrandi fyrir skjólstaðinga sem þar dvelja. Gleðin og kátínan var alveg ósvikin þegar þau sáu hvað var verið að gefa heimilinu þeirra. Og svo má ekki gleyma enn einu sinni að dáðst að honum Jóni okkar Bjarnasyni, Skeiðamanni með meiru, sem alltaf er tilbúinn að leggja okkur lið og skemmta þessum skjólstaðingum okkar og má ekki á milli sjá hvor skemmtir sér betur Jón eða þau. Hann er alveg dásamlegur maður.

Nú alveg á næstu dögum ætlum við að færa Björgunarfélagi Árborgar tvær léttar sjúkrabörur sem verða í bílunum og eru til að nota við björgun í fjallendi og við erfiðar aðstæður. Þetta á eftir að koma sér vel í þeirra góða og óeigingjarna starfi. Svo höldum við áfram að gefa fallega bangsa sem framleiddir eru á vinnustað fatlaðra hér á Selfossi til að hafa í sjúkrabifreiðum fyrir börnin sem flytja þarf með þeim. Þeir gleðja þau óendanlega og allt annað gleymist. Við erum búnar að gera þetta í nokkur ár og er áætlað að halda því áfram meðan áhugi er fyrir því.

Þannig snýst nú tilveran hjá okkur, að afla peninga til að geta hjálpað þeim sem minna mega sín, og það gleður okkar hjörtu ekki minna en þeirra sem njóta gjafanna. Og þá er ekki úr vegi að enda þennan pistil á okkar góða kjörorði, „að hafa gaman saman“ og „margar hendur vinna fislétt verk“

Með þessum orðum kveðjum við Emblukonur frá Selfossi og sendum öllum hlýjar lionskveðjur.

Guðrún Guðnadóttir, blaðafulltrúi LKL Emblu



Hress jólakortanefnd að skila af sér þær Púriður, Kristín og Sigurbjörg.



Kristín Þorfinnsd. að segja okkur eitthvað skemmtilegt.



Unnur Einarsd. sem er elsti Emblu-félaginn og alltaf jafn dugleg að mæta, með henni er Súsanna Björnsd.



Brynhildur gjaldkeri að taka við peningum frá Dagrúnu.



Silja Þorsteinsd. stöðvarstjóri World Class, og Unnur Jónasd. formaður, þær eru mæðgur.



Brynhildur Jónsdóttir frá VISS tekur við leikjatlövu af Margréti Jónsd. og það eru tveir skjólstaðingar með þeim og á bakvið sést í Jón Bjarnas..



Dansað af hjartans list á Emblu diskóteki, þar er alltaf mikið fjör.



Emblukonurnar, Ragnheiður, Jóhanna Kristín, Guðrīður, sést aðeins í Þórdísi, Unnur, Guðrún og María á diskóteki,

Borist hafa eftirfarandi framboð í embætti sem kjósa skal um fyrir árið 2016 - 2017



Framboð til embættis vara fjölumdæmisstjóra starfsárið 2017 – 2018

Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl.Rán í Ólafsvík

Björg Bára Halldórsdóttir Lkl. Rán býður sig fram til embættis vara fjölumdæmisstjóra starfsárið 2017 – 2018. Björg Bára hefur starfað í Lionshreyfingunni frá árinu 1991 þegar hún gekk í Ránina. Hún hefur gegnt flestum embættum innan klúbbsins í stjórn og nefndum og verið formaður klúbbsins tvisvar. Björg Bára var ritari umdæmis 109B starfsárið 2011–12, menningarfulltrúi 2013–14, annar varumdæmisstjóri 2014–15, varaumdæmisstjóri 2015–16 og er nú umdæmisstjóri B umdæmisins.

Björg Bára er fædd og uppalin í Grundarfirði, dóttir hjónanna Halldórs Sigurjónssonar útgerðarmanns og skipstjóra og Kristínar Árnadóttur. Eftir skóla flutti hún til Ólafsvíkur og býr þar enn þó hún búi og starfi virka daga í Kópavogi/Reykjavík. Björg Bára er viðskiptafræðingur að mennt og er framkvæmdastjóri Gistivers. Auk þess sér hún um rekstur SB raftækni ásamt eiginmanni sínum en það er fyrirtæki í eigu þeirra hjóna. Eiginmaður hennar er Sigurjón Bjarnason rafverktaki og eiga þau þrjú uppkomin börn. Fanney Dóra er félagsráðgjafi og kokkur, Halldór starfar í rafvirkjun hjá föður sínum og Sigurbjörg Metta er í ferðamálafræði í Háskóla Íslands. „Barnabarnið“ er hann Simbi sem er King Charles Cavalier.



Framboð til embættis umdæmisstjóra 109-B starfsárið 2017-2018

Björn Guðmundsson, Lkl. Hæng Akureyri

Lionsklúbburinn Hængur á Akureyri býður fram félagasinn Björn Guðmundsson til embættis umdæmisstjóra starfsárið 2017-2018. Björn gekk í Lionsklúbbinn Hæng vorið 2006, hann var ritari klúbbsins starfsárið 2009-2010 og formaður starfsárið 2011-2012 þá hefur Björn starfað í flestum nefndum klúbbsins m.a. verið formaður Hængsmótsnefndar, fjárfundarnefndar, verkefnanefndar og félaganefndar. Þá var Björn svæðisstjóri á svæði 6 starfsárið 2014-2015, starfsárið 2016-2017 hefur Björn starfað sem varaumdæmisstjóri. Björn sem er Msc. gráðu í Viðskiptafræðum frá Háskólanum á Akureyri er einnig löggiltur fasteignasali og rekur fasteignasöluna BYGGÐ á Akureyri. Björn er kvæntur Sigríði Magnúsdóttur, deildarstjóra við Brekkuskóla á Akureyri og eiga þau tvo syni.



Framboð til embættis ungmennsiskiptastjóra starfsárin 2017 – 2020

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir L.kl. Æsu

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir er fædd 4.janúar 1974. Hún ólst upp í Borgarnesi og býr nú Njarðvík ásamt eiginmanni sínum Ólafi Thordersen og dóttur. Eftir að grunnskólagöngu í Borgarnesi lauk var haldið á Laugarvatn og stúdentsprófi frá Menntaskólanum að Laugarvatni lokið árið 1994. Árið 2005 lauk hún Can.theol prófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands, 2010 lauk hún kennsluréttindum og stundar hún nú nám í fjöskyldumeðferðarfræði, sem hún lýkur vorið 2018.

Brynja Vigdís hefur viðtæka reynslu á vinnumarkaðnum, hún var lögreglumaður um tíma, kennari, framkvæmdarstjóri UMFN, sóknarprestur í Oppdal í Noregi og frá árinu 2012 hefur hún starfað sem prestur heymarlausra.

Brynja Vigdís er félagi í Lionsklúbbnum Æsa í Njarðvík, frá 2008. Hefur hún verið í ýmsum nefndum fyrir klúbbinn og verið virkur félagsmaður. Var Brynja Vigdís formaður klúbbsins starfsárið 2015-2016. Starfsárin 2014-2015 og 2015-2016 var hún ungmennafulltrúi í umdæmi 109A. Starfsárin 2015-2017 hefur hún verið ungmennaskiptastjóri fjölumdæmis 109



Framboð til embættis umdæmisstjóra 109A starfsárið 2017 – 2018

Ellert Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar býður fram félagi okkar Ellert Eggertsson til embættis umdæmisstjóra umdæmis 109A starfsárið 2017 - 2018, á Lionsþinginu í Reykjavík 21. - 22. apríl n.k.

Ellert gekk í L.kl.Hafnarfjarðar árið 1983, hann hefur gegnt flestum embættum í stjórn klúbbsins og hefur m.a. verið tvisvar formaður. Einnig hefur hann leitt flestar af nefndum klúbbsins. Ellert er Melvin Jones félagi og fyrir starfsárið 2014 - 2015 fékk hann Club President Excelance Award viðurkenningu fyrir störf sín sem formaður.

Ellert gegndi embætti svæðisstjóra á svæði 6, 2015-2016, kjörinn 2. varaumdæmisstjóri á seinni hluta síðasta starfsárs og hefur gengt embætti 1. varaumdæmisstjóra starfsárið 2016-2017. Ellert hefur sótt nokkur Alþjóðáþing Lionshreyfingarinnar.

Ellert er fæddur í Hafnarfirði 1. ágúst 1946, menntaður flugvirki og hefur starfað sem flugvirki hjá Loftleiðum og Arnarflugi, tæknistjóri Íslandsflugs og Flugfélagsins Atlanta síðustu 10 ár.

Maki hans er Júlíana Guðmundsdóttir.



Framboð til embættis varaumdæmisstjóra 109A starfsárið 2017 – 2018

Geirprúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa Njarðvík

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Æsu tilkynni ég að við bjóðum fram Geirprúði Fanneyju Bogadóttur til embættis 1. varaumdæmisstjóra í umdæmi 109 A, starfsárið 2017-2018.

Geirprúður Fanney hefur verið Lionsfélagi frá árinu 1990. Hún hefur gegnt ýmsum störfum innan klúbbsins, m.a. verið formaður og ritari. Geirprúður Fanney gegndi embætti svæðisstjóra á svæði 5, starfsárið 2012-2013, embætti umdæmisritara starfsárið 2013-2014 og gegnir embætti 2. varaumdæmisstjóra 109 A, starfsárið 2016-2017.

Halldóra Halldórsdóttir, formaður



Framboð til embættis fjölumdæmisritara starfsárið 2017 – 2018

Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn Reykjavík

Guðmundur Helgi fæddist í Reykjavík þann 22. sept. 1947 og er húsasmíðameistari að mennt og starfar við verkefnisstjórnun hjá ÍAV þjónustudeild. Guðmundur gekk til liðs við Lionsklúbbinn Fjörgyn vorið 2000 eftir að hafa þekkt vel til Lionshreyfingarinnar í 10 ár. Í klúbbum sínum Fjörgyn hefur hann m.a. verið ritari og tvívegis formaður klúbbsins. Guðmundur Helgi var fræðslustjóri frá 2009 - 2011 og kom að kennslu í ritarskóla Lionshreyfingarinnar um árabíl. Hann hefur starfað í umdæmisstjórnnum beggja umdæma, og var hann umdæmisritari og gjaldkeri starfsárin 2009 – 2011, hann var umdæmisstjóri 109 A 2012 - 2013 og starfsárið 2015 – 2016 gegndi hann embætti fjölumdæmisstjóra.

Eiginkona Guðmundar Helga er Hrund Hjaltadóttir f.v. grunnskólakennari. Hún er stofnfélagi í L.kl. Fold. Hún hefur gegnt ýmsum embættum í umdæmi 109 B og fjölumdæmi MD 109. Hún er fyrrverandi umdæmis- og fjölumdæmisstjóri.



Framboð til embættis fjölumdæmisstjóra starfsárið 2017 - 2018

Jón Pálmason, Lkl. Víðarr Reykjavík

Jón Pálmason Lkl. Víðarr býður sig fram til embættis fjölumdæmisstjóra starfsárið 2017 - 2018.

Jón hefur verið í Lionsklúbbum Víðarri síðan 1. apríl 2002, var ritari 2004-2005 og hann gegndi formennsku í klúbbum 2011 - 2012 og hefur gegnt mörgum öðrum embættum í klúbbum. Auk þess gengdi hann stöðu netstjóra Lions 2010-2014 og starfi svæðisstjóra á svæði 8 starfsárið 2013-2014 í umdæmi 109A. 2013 var Jón kjörinn annar varaumdæmisstjóri, 2014 fyrsti varaumdæmisstjóri og 2015 umdæmisstjóri. Starfsárið 2016 - 2017 hefur Jón gegnt embætti vara fjölumdæmisstjóra.

Jón hefur tekið þátt í að skipuleggja nokkur stór verkefni á vegum Lions, þau helstu eru: Uppsetningu á nýjum vef sem settur var í loftið 2011. Þátttaka í stýrihópi sem sá um að skipuleggja alþjóða sjónverndardaginn 2014. Þátttaka í framboðsnefnd Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur þegar hún bauð sig fram til annars vara alþjóðaforseta 2016.

Jón hefur sótt sér réttindi til að kenna leiðtogum Lions, og kennt á Leiðtogaskóla Lions undanfarin fjögur skipti. Jón er Progressive Melvin Jones félagi og hefur fengið "Leadership" orðu frá alþjóðaforseta.

Jón starfar hjá Verkfræðistofunni Verkís, sem verkefnastjóri. Hann er auk þess í stjórn dótturfyrirtækis þess þar S&M-Verkís í Grænlandi. Eiginkona Jóns er Marianne S. Nielsen og eiga þau 3 börn.



Framboð til embættis varaumdæmisstjóra umdæmis 109-B starfsárið 2017 - 2018

Sigfríð Andradóttir, Lkl. Búðardals

Lionsklúbbur Búðardals býður Sigfríði Andradóttur til framboðs varaumdæmisstjóra í 109B starfsárið 2017-2018. *Lkl. Þernan:* Sigfríð Andradóttir var stofnfélagi í Lionessklúbbum Þernan og var einnig stofnfélagi þegar að hann breytti sér í Lionsklúbb 1994 og starfaði þar til ársins 2005. Á þeim tíma gegndi hún flestum þeim embættum sem til er að dreifa í Lionsklúbbi. Sigfríð var ein af 4 lionsfélögum sem að stjórnðu unglingabúðum árið sem Lkl. Þernan sá um þær ásamt 3 öðrum klúbbum í Snæfellsbæ.

Lkl. Búðardals: Sigfríð Andradóttir gerðist félagi í Lkl. Búðardal árið 2005 og hefur starfað þar fram til dagsins í dag. Sigfríð hefur verið ritari og formaður í klúbbum ásamt því að vera svæðisstjóri fyrir hönd Lkl. Búðardals starfsárið 2006-2007. Árið 2012 gerði Lkl. Búðardals hana að Melvins Jones félagi.

Umdæmi 109 B: Hún hefur gegnt stöðu GLT fulltrúa í umdæmi 109 B frá árinu 2012. Árið 2013 - 2014 gegndi hún einnig stöðu umdæmisritara og gjaldkera í umdæmi 109 B. Hún hefur fengið 2 Certificate of Appreciation viðurkenningar aðra árið 2013 og hina árið 2014. Árið 2015 var hún sæmd Leadership Award orðunni. Síðustu 5 ár hefur hún kennt í ritarskólanum. Starfsárið 2016-17 var hún 2. varaumdæmisstjóri.

Fjölskylda: Sigfríð er kvænt Þorkeli Cýrussyni Lkl. Búðardals. Þorkell var áður meðlimur í Lkl. Nesþinga en er nú í Lionsklúbbi Búðardals. Hann hefur gegnt flestum þeim embættum sem er að dreifa í lionsklúbbi og sem dæmi gegndi hann embætti umdæmisstjóra 2013-2014 í umdæmi 109 B. Hann er nú starfandi sem ritstjóri Lionsblaðsins. Þau eiga 2 börn, Guðríði félagsfræðing og Sigurð Svein kennaranema.



Framboð til embættis fjölumdæmisgjaldkera starfsárið 2017 - 2018

Stefán Árnason Lkl. Vitaðsgjafa Eyjafirði

Stefán Árnason gekk til liðs við Lionshreyfinguna árið 1992. Á þeim tíma hefur hann gegnt flestum þeim embættum sem til er að dreifa í Lionsklúbbi og meðal annars verið formaður klúbbsins tvisvar. Hann var sæmdur Melvin Jones fyrir störf sín. Stefán var svæðisstjóri á svæði 6 2009 - 2010 og GMT fulltrúi 2010 - 2011. Umdæmisstjóri í B umdæmi 2015 - 2016, GMT stjóri 2016 - 2017 og hefur setið í afmælisnefnd hreyfingarinnar frá 2016.

Stefán býr í Eyjafjarðarsveit og er kvæntur Vöku Jónsdóttir, iðnrekstrarfræðing og eiga þau tvær uppkomnar dætur.

Fréttir af Lionsklúbb Selfoss

Lionsklúbbur Selfoss úthlutaði styrkjum úr Menningar og Líknarsjóði Klúbbsins með viðhöfn í Safnaðarheimili Selfosskirkju fyrir stuttu.

Selfosskirkja fékk styrk kr. 500 þúsund til kaupa á myndkerfi til endurvörpunar á athöfnum úr kirkjunni yfir í safnaðarheimilið.

Héraðskjalasafn Árnesinga fékk kr. 300 þúsund til kaupa á búnaði til að taka viðtöl við "frumbyggja" á Selfossi og nágrennabygðum. Upphæðin greiðist á þremur árum.


Ljósheimar og Fossheimar á Selfossi fengu kr. 200 þúsund til aðstoðar við upphaf notkunar á slökunar og skynjunaraðstöðu fyrir heilablaða einstaklinga.

Tónsmíðja Suðurlands fékk styrk kr. 130 þúsund til kaupa á söngkerfi til notkunar í söngkennslu.

Menningar og líknarsjóðurinn styrkti einstakling vegna veikinda hans, kr. 200 þúsund.

"Sjóðurinn góði" fékk styrk kr.150 þúsund, en hann starfar í Árnessýslu og er samstarfsverkefni Lionsklúbba, kvenfélaga, kirkna og Rauðakrossins. Sjóðurinn styrkir þá sem höllum fæti standa.

Vegna 100 ára afmælis Lionshreyfingarinnar, gáfum við í samvinnu við Lionsklúbbinn Emblu, samtals kr. 300 þúsund til umhverfismála. Verkefnið er að koma upp bekkjum og borðum við gönguleiðir. Gert í samvinnu við Sveitarfélagið Árborg.



Fréttir frá Lionsklúbbi Seyðisfjarðar

Á síðasta fundi Lionsklúbbs Seyðisfjarðar fimmtudaginn 2. febrúar s.l. var tekinn inn nýr félagi í klúbbinn við hátíðlega athöfn. Eins og sést á meðfylgjandi myndum eru félagarnir með mismikinn athyglisbrest. Hinn nýi félagi heitir Bóas Eðvaldsson og bjóðum við hann velkominn í klúbbinn og væntum miklils af honum enda er hér á ferð félagi með mikla reynslu á ýmsum sviðum viðskipta og þjónustu. Að venju var hinum nýja félagi kynnt tilurð og upphaf Lionshreyfingarinnar ásamt helstu upplýsingum um hana með áherslu á starfseminu á Íslandi. Þann þátt annaðist Gunnar Sverrisson af alkunnri snilld. Þá las Lárus Bjarnason honum siðareglur og markmið Lions. Meðmælandi var Árni Elísson. Inntökunni stjórnaði svo Jóhann Grétar Einarsson formaður klúbbsins. Lionsklúbbur Seyðisfjarðar biður Bóas Eðvaldsson velkominn í klúbbinn en hann er sonur mæts félaga okkar úr Lionsklúbbum Múla, Eðvarðs Jóhannssonar.

Framundan í klúbbstarfinu eru hefðbundin verkefni svo sem sala Sólarkaffis, sala páskablóma, árlegt Páskabingó og fleira í þeim dúr. Sú nýbreytni verður tekin upp í klúbbum að setja saman bekki, sem staðsettir varða víðsvegar um bæinn og býðst fyrirtækjum og einstaklingum að kaupa merkingar á einstaka bekki ýmist í auglýsingaskyni eða hugsanlega til minningar um látna ástvini. Felst í þessu verkefni bæði þjónusta við lúna göngumenn í firðinum fagra og jafnframt er hér á ferðinni samfélagsverkefni og ágæt fjárfunarleið. Þá verða bekkirnir einnig merktir Lions, sem eykur sýnileika klúbbsins. Klúbbfélagar eru spenntir að sjá hvernig til tekst en þegar er búið að panta tvo slíka bekki. Búast má við enn frekari pöntunum þegar verkefninu verður ýtt úr vör af flullri alvöru.

Lárus Bjarnason, fjölmiðlafulltrúi



62. Þing Lionsumdæmis 109



62. Lionsþingið verður haldið á Hótel Sögu dagana 21. og 22. apríl næstkomandi. Það er Fjöllumdæmi 109 sem stendur fyrir þinginu. Þingnefndina skipa Margrét Jónsdóttir í Lkl. Fold og Halldór Runólfsson og Þór Steinarsson í Lkl. Fjörgyn. Um miðjan desember 2016 sendi þingnefndin öllum Lionsklúbbum bréf með frumdrög að dagskrá, ásamt upplýsingum um þingið og skráningarbréfi og kjörbréfi.

Þinghaldið verður aðallega í þingsölum Hótel Sögu, en Setningarhátíð verður í Neskirkju og Fjöllumdæmisþingið verður í sal á Háskólatorgi Háskóla Íslands. Sérstakri vefsíðu fyrir þingið, á Lions.is var komið upp í byrjun febrúar og þar er að finna öll helstu vinnugögn þingsins.

Vakin er athygli þingfulltrúa á, að samkvæmt ákvörðun Fjöllumdæmisráðs þá er þeim ætlað að hafa þinggögnin með sér á þingið, annað hvort sem útprentuð skjöl eða tiltæk í eigin fartölvum. Önnur gögn, svo sem fyrir mat, kaffi, Kynningarkvöld og Afmælishátíð verða afhent,

gegn gjaldi á Hótel Sögu á fimmtudagskvöldið 20. apríl kl. 19.00 – 22.00 og föstudagsmorgun 21. apríl kl. 8.00 – 9.00. Allir þingfulltrúar, sem geta komið því við, eru hvattir til að sækja sín gögn á fimmtudagskvöldinu. Þáttakendur í ritaraskólanum þurfa að koma með fartölvu með þráðlausum internetaðgangi.

Lionsþingið er opið öllum Lionsmönnum, sem hafa skráð sig á viðkomandi viðburði, en á Umdæmis- og Fjöllumdæmisþingum eru það aðeins kjörnir fulltrúar, sem hafa tillögu- og atkvæðisrétt.

Rétt er að ítreka, að til þess að fulltrúar klúbbana fái þinggögn og aðgang að þinginu, þá þurfa klúbbar að vera skuldlausir við Alþjóðasambandið, Fjöllumdæmið og hafa greitt þinggjöldin.

Þinghaldið hefst svo með hefðbundnum hætti á föstudagsmorguninn og að loknum skólum embættismanna verður lagt af stað í skróðgöngu til Neskirkju, þar sem formleg setningarhátíð fer fram.

Kynningarkvöldið hefst svo í Súlnasal Hótel

Sögu kl. 20.00 á föstudagskvöldinu, sem kappkostað verður að gera sem veglegast og skemmtilegast.

Þingin hefst svo á laugardagsmorguninn í Hótel Sögu með kynningu á nýjum lögum umdæmanna og fjöllumdæmisins og þar á eftir hefst Umdæmisþingið, sem standa til hádegis. Fjöllumdæmisþingið hefst kl. 13.00 í sal á Háskólatorgi Háskóla Íslands. Makaferð verður farin kl. 13.30 – 17.00, þar sem nokkrir merkir staðir í Reykjavík verða skoðaðir undir leiðsögn.

Lionshátíðin á laugardagskvöldinu hefst svo í Súlnasalnum kl. 20.00 og verður nú sérstök 100 ára Afmælishátíð alþjóðlegu Lions-hreyfingarinnar og sérstök Afmælisnefnd sér um dagskrá kvöldsins, en þess má geta að hljómsveit Geirmundar Valtýssonar mun leika fyrir dansi.

Með Lionskveðju
f.h. Þingnefndarinnar
Halldór Runólfsson